# FRÉTTABLAÐIÐ

8. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 10. JANÚAR 2019





Flugvallarstarfsmenn drógu skrúfuþotu Ernis að Flugskýli 1 á Reykjavíkurflugvelli og lögðu síðan sendibíl fyrir framan vélina til að tryggja að henni yrði ekki flogið á brott. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Munu ekki afsala sér réttinum til verkfalls

**Formaður Verkalýðsfélags Akraness segir verkafólk ekki munu afsala sér verkfallsrétti. Á fundi hjá ríkissáttasemjara í næstu viku á loksins að ræða launaliðinn. Framkvæmdastjóri SA fagnar því að fá þá kostnaðarmat á kröfugerðir.**

**KJARAMÁL** „Það liggur alveg fyrir að íslenskt verkafólk afsalar sér ekki verkfallsrétti fyrir afturvirkni eins og er fólgið í tilboði SA. Ef það næst kjarasamningur fyrir mánaðamót þá segir það sig sjálft að hann myndi gilda frá 1. janúar. Ef það dregst lengur að semja verður það að koma í ljós en afturvirkni er skýlaus krafa af okkar hálfu,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði í Fréttablaðinu í gær að samtökin gætu fallist á afturvirka samninga verði samið á skynsamlegum nótum fyrir mánaðamót. Tilboðið félli niður yrði viðræðum slitið og boðað til verkfalla.

Deiluaðilar hittust öðru sinni hjá ríkissáttasemjara í gær en ekki var rætt sérstaklega um útspil SA um afturvirkni. Vilhjálmur bendir á að aðilar hafi fundað sjö sinnum áður en þeir komu að borði sáttasemjara.

„Þannig vitum við nokkurn veginn hvar við stöndum gagnvart hver öðrum að öðru leyti en því að við höfum ekki fengið svar við þeirri veigamiklu spurningu sem lýtur að kröfum okkar til launaliðarins. Það varð niðurstaða þessa fundar að þau svör fengjust á næsta fundi,“ segir Vilhjálmur.

Næsti fundur hefur verið boðaður á miðvikudaginn í næstu viku. Vilhjálmur segir því ljóst að þá skýrist línur varðandi framhaldið. „Þá sjáum við hvort við erum að leggjast upp að bryggju eða séum að stefna út á haf.“

Halldór segir að á fundinum í næstu viku muni verkalýðshreyfingin koma með kostnaðarmat á kröfugerðir sínar. „Það er löngu tímabært að fá kostnaðarmat á kröfugerðirnar og ég fagna því. Við höfum kallað eftir því frá því þær komu fram.“ **– sar**

# Skrúfuþota Ernis kyrrsett

**FLUGMÁL** Isavia hefur kyrrsett Dornier-skrúfuþotu flugfélagsins Ernis á Reykjavíkurflugvelli vegna þjónustugjalda sem félagið skuldar.

„Menn eru aðeins að hnykla vöðvana,“ segir Hörður Guðmundsson, eigandi Ernis um kyrrsetninguna sem gerð var í fyrradag. Auk lendingagjalda greiðir Ernir Isavia yfirflugsgjöld og leigu vegna aðstöðu í flugstöðvum. Ernir flýgur áætlunarflug frá Reykjavík til Vestmannaeyja, Hornafjarðar, Húsavíkur, Bíldudals og Gjögurs.

Aðspurður segir Hörður skuldina í dag svara til um það bil eins árs þjónustugjalda og nema 98 milljónum króna. „Það hefur safnast upp svolítil skuld sem við höfum átt erfitt með að klára núna vegna þess að andrúmið í flugrekstri er tiltölulega þungt um þessar mundir,“ segir hann.

Hörður segir aðdragandann að kyrrsetningu skrúfuþotunnar hafa verið sérstakan. „Ég var í jarðarför austur á Hornafirði þegar þetta gerðist og þegar ég kom til borgarinnar um kvöldið var þetta allt afstaðið.“

> **Ég var í jarðarför austur á Hornafirði þegar þetta gerðist.**
>
> Hörður Guðmundsson, eigandi Ernis



Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia, vill ekki staðfesta upphæð skuldar Ernis við fyrirtækið. Kyrrsetningin sé vegna ógreiddra notanda- og flugleiðsögugjalda innanlands. „Isavia hefur leitað leiða til að komast hjá því að grípa til þessara innheimtuaðgerðar, en ljóst er að um lokaúrræði er að ræða vegna ítrekaðra vanskila,“ segir Guðjón.

Aðspurður hvað Ernir þurfi að gera til kyrrsetningunni sé aflétt svarar Guðjón: „Það þarf að greiða skuldina eða leggja fram tryggingu fyrir upphæðinni.“

Dornier-skrúfuþotan kom til landsins í maí í fyrra en var ekki tekin í notkun fyrr en í desember. Hún er stærsta flugvél Ernis, tekur 32 farþega. **– gar**




### Veður




Minnkandi vestanátt og kólnandi veður, fyrst sunnan til. Víða 5-13 undir kvöld, hvassast um landið norðanvert. Þurrt að kalla og frystir um mestallt land, síst allra syðst.

SJÁ SÍÐU 22



**Barnið slasaðist ekki alvarlega.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Bregðast við slysi á Hringbraut

**SAMGÖNGUMÁL** Tekin verður upp gangbrautarvarsla við gatnamót Hringbrautar og Meistaravalla í kjölfar þess að í gærmorgun var ekið á barn á umræddri gangbraut.

Slysið vakti hörð viðbrögð á samfélagsmiðlum og kröfðust margir foreldrar barna í Vesturbæjarskóla þess að gripið yrði til aðgerða. Þá lýstu margir slæmri reynslu af öryggi gangandi vegfarenda á fleiri köflum Hringbrautar. Þá höfðu foreldrar boðað eigið eftirlit við gangbrautir næst skólanum.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs, segir að Hringbrautin sé stofnvegur og því í umsjón Vegagerðarinnar en hún hefur talað fyrir því að hámarkshraði þar verði lækkaður.

„Ég bind vonir við það að allir aðilar geri sér grein fyrir alvarleika málsins og þessu mikla ákalli sem er komið um lækkun hámarkshraða. Þess vegna hef ég boðað þessa aðila á fund í næstu viku,“ segir Sigurborg. Á fundinn eru boðaðir fulltrúar lögreglu, Vegagerðarinnar, Samgöngustofu og íbúasamtaka hverfisins.

Sigurborg segir rannsóknir um allan heim sýna fram á að þrír þættir hafi fyrst og fremst áhrif til að draga úr slysahættu. „Hraðinn er númer eitt, tvö og þrjú en sýnileiki vegfarenda og lýsing hafa líka áhrif.“

Þessir þættir verði til umfjöllunar í væntanlegri umferðaröryggisáætlun fyrir hverfi borgarinnar. **– sar**

## Skjól fyrir óveðrinu



**Hestamenn á Akureyri tók enga sénsa og komu hestakerrum sínum fyrir inni í Léttishöllinni ofan Akureyrar í skjóli fyrir veðri og vindum í gær, en íbúar á norðanverðu landinu og á Austurlandi voru hvattir til að huga að lausum hlutum sem gætu fokið. Varasamt ferðaveður var á Norðurlandi í gær. Appelsínugul viðvörun gildir á Norðurlandi eystra til tíu í dag. Spáð var vindhviðum við fjöll, allt að 40 til 50 metrum á sekúndu.** FRÉTTABLAÐIÐ/FÚSI HELGA

# Heimasíða SGS hökkuð í gær

**TÆKNI** „Þetta var óvenjulegt vandamál í þessari törn. Það má segja að þetta hafi verið fimmtán mínútna krydd í tilveruna á þessum degi,“ segir Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, en væg tölvuárás var gerð á heimasíðu félagsins í gær.

Þegar Starfsgreinasambandið var slegið inn í Google birtist síða þar sem karlmönnum eru gefin góð ráð um það hvernig þeir geti kynnst konum.

Flosi heyrði fyrst af málinu þegar hann fékk símtal frá blaðamanni en þá sat hann á fundi þar sem rætt var um málefni fiskvinnslufólks. „Ég fór að kanna málið en við sáum þetta ekki innanhúss en þetta sást úti í bæ. Það töpuðust engin gögn og enginn skaði varð af þessu. Síðan er í lagi núna.“

Hýsingaraðilinn sagði að um væri að ræða róbóta sem ráðist á ákveðnar síður sem séu veikar fyrir. **– sar**

# Leita að konu sem er til í að ala barn í bíómynd

**Vigfús Þormar leitar að barnshafandi konu sem er tilbúin til þess að leyfa kvikmyndatöku á fæðingunni fyrir atriði í næstu bíómynd leikstjórans Rúnars Rúnarssonar. Þrjár hafa þegar þurft að hætta við vegna vandamála á meðgöngunni.**

**KVIKMYNDIR** Tökur á Echo, þriðju kvikmynd leikstjórans Rúnars Rúnarssonar, eru langt komnar. Hann hefur áður vakið athygli víða um lönd með hinum margrómuðu og verðlaunuðu bíómyndum Eldfjalli og Þröstum, að ógleymdri stuttmyndinni Síðasti bærinn sem var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna.

Fjöldi persóna kemur við sögu í Echo sem gerist á aðventunni og síðustu dögum ársins 2018. Hver persóna birtist aðeins í einu atriði og í einu þeirra fæðir kona um þrítugt barn með hjálp ljósmóður, að viðstöddum karlmanni á meðan flugeldar springa með látum í bakgrunninum.

Vigfús Þormar Gunnarsson sér um leikaravalið í Echo og hann leitar nú logandi ljósi að barnshafandi konu á síðustu dögum meðgöngunnar sem er tilbúin til þess að leyfa Rúnari að kvikmynda fæðinguna fyrir senuna.

Ætlunin er að taka senuna upp í janúar þannig að tíminn er naumur en þrjár tilvonandi mæður hafa þegar þurft að hætta við vegna óvæntra erfiðleika á meðgöngunni. „Myndin er samsett úr fjölmörgum sjálfstæðum sögum og grípur niður í alls konar hversdagslegar en einnig mjög merkilegar aðstæður í lífi persónanna,“ segir Vigfús við Fréttablaðið.

„Þessi sena hverfist um það kraftaverk sem barnsfæðing er. Myndavélin hreyfist aldrei þannig að þetta verður skotið á mjög viðeigandi og snyrtilegan hátt, ef svo má segja.“ Hugmyndin sé sú að ekki eigi að fanga fæðinguna í nærmynd heldur miklu frekar augnablikið sem móðirin fær nýfætt barnið í fangið.



**Vigfús Þormar Gunnarsson hefur komið víða við í leikaravali og er nýbúinn að stofna fyrirtækið Doorway Casting ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Leu Sigríðardóttur. Echo er flóknasta og stærsta verkefni hans hingað til.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Rúnar Rúnarsson leikstjóri**

Vigfús segist vera kominn í kapphlaup við klukkuna þar sem þrjár konur hafi nú þegar þurft að hætta við vegna erfiðleika á meðgöngunni. „Við viljum ekki taka neina áhættu og erum því að leita að móður og barni þar sem allt er eins og það á að vera og búist við eðlilegri fæðingu. Þetta verður auðvitað alltaf ákveðið rask en við viljum halda því í algeru lágmarki.“

Vigfús hefur komið að leikaravali í kvikmyndir á borð við Lof mér að falla, Víti í Vestmannaeyjum og Undir trénu, sjónvarpsþættina um Stellu Blómkvist og nú síðast áramótaskaupið. Hann segir þetta verkefni þó vera það umfangsmesta sem hann hafi tekið að sér.

„Það er búið að vera heilmikið verkefni að finna fólk í þetta vegna þess að Rúnar vill ekki fræga eða þekkta leikara,“ segir hann og bætir við að aldursbilið sem hann hefur þurft að dekka nái frá einu augnabliki til 95 ára þar sem hann er í raun að leita að barni sem mun draga andann í fyrsta sinn í myndinni. **thorarinn@frettabladid.is**

KEBE
Hvíldarstólar
Tegundir: Rest og Fox



Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15
Komið og skoðið úrvalið
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN







Nýr Nissan Leaf var kjörinn **The World Green Car 2018** á alþjóðlegu bílasýningunni í New York. Verðlaun World Car Awards eru ein þau eftirsóttustu sem veitt eru í bílaiðnaðinum á heimsvísu.

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Hvalir éta sex milljónir tonna á ári en ekki vitað hvaða tegundir

**VÍSINDI** Hvalir við Íslandsstrendur éta um sex milljónir tonna á ári að mati Hafrannsóknastofnunar.

Þetta kemur fram í umsögn stofnunarinnar um þingsályktunartillögu Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, formanns Viðreisnar, um að endurmeta hvalveiðistefnu Íslands.

Frá því að reglulegar hvalatalningar hófust 1987 hafa orðið miklar breytingar á fjölda hvala við Ísland. Langreyði hefur fjölgað úr um 10-15 þúsundum í yfir 30 þúsund dýr árið 2015 en hrefnu fækkað frá aldamótum, úr 40 þúsund í 10-15 þúsund.


Erlendir ferðamenn flykkjast í hvalaskoðun til Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Í umsögninni er vitnað í vísindagrein frá 1997. Þetta hefur ekki verið metið í heild síðan,“ segir Gísli Arnór Víkingsson, sjávarlíffræðingur hjá stofnuninni.

„Þetta er ekki afli sem tekinn er frá mönnum heldur heildarát hvala á svæðinu kringum Ísland á ári,“ bætir Gísli við.

Samkvæmt stofnuninni er ljóst að hvalir skipa óvíða jafnstóran sess í vistkerfi sjávar og hér við land.

„Það eru tólf tegundir undir og við vitum ekkert hvað flestar þeirra eru að éta,“ segir Gísli. „Út frá erlendum rannsóknum getum við áætlað að af þessum sex milljónum væru tvær milljónir tonna fiskur hvers konar og rúmlega það væru þá krabbadýr og áta og restin smokkfiskur og þess háttar.“ – sa


Sorpið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Sorphirðan í rugli í Eyjum

**VESTMANNAEYJAR** Á fundi framkvæmda- og hafnarráðs Vestmannaeyjabæjar á þriðjudag kemur fram að röskun hafi verið á sorphirðu í desember í bænum en áætlanir gera ráð fyrir að regla verði komin á sorphirðu í næstu viku.

Þá kom fram að ráðið lýsir yfir miklum vonbrigðum með að tafir hafi orðið á vinnu við tillögu að matsáætlun vegna umhverfismats sorpbrennslu.

Áætlað er að leggja tillöguna fram nú í janúar. Þegar tillagan hefur verið afgreidd þarf að vinna frummatsskýrslu sem fer til auglýsingar.

Í niðurstöðu ráðsins segir að vinna við mat á umhverfisáhrifum sorpbrennslu sé mjög tímafrek og muni tefja þær áætlanir sem Vestmannaeyjabær hafði um byggingu sorporkustöðvar. – bb

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

# Telur laun og gengi íslensku krónunnar hafa mestu áhrifin

Umferð að Gullfossi náði einhvers konar jafnvægi á síðasta ári. Aukningin ekki nærri eins mikil og síðustu ár. Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar segir mikilvægt að ná jafnvægi til að treysta greinina sem burðarás í efnahagslífi þjóðarinnar.

## Umferðarmeðaltöl við Gullfoss og Geysi frá árinu 2002




| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ADU | 293 | 319 | 351 | 373 | 433 | 460 | 463 | 523 | 501 | 534 | 666 | 770 | 933 | 1.236 | 1.852 | 2.269 | 2.335 |
| SDU | 586 | 638 | 703 | 737 | 848 | 905 | 919 | 1.068 | 990 | 1.070 | 1.300 | 1.419 | 1.671 | 2.149 | 2.979 | 3.378 | 3.458 |
| VDU | 102 | 111 | 122 | 141 | 158 | 167 | 177 | 191 | 200 | 206 | 251 | 378 | 451 | 586 | 1.020 | 1.492 | 1.560 |

**FERÐAÞJÓNUSTA** Umferð til og frá Gullfossi jókst um þrjú prósent á árinu 2018 miðað við fyrra ár. Er þetta mun minni aukning en sést hefur frá því straumur ferðamanna jókst hér skyndilega eftir hrun efnahagslífsins árið 2008.

Að meðaltali fóru um veginn við Gullfoss rétt rúmlega 2.300 bifreiðar á sólarhring í fyrra og hefur umferðin fimmfaldast um svæðið á tíu árum. Gullfoss og Geysir í Haukadal eru einhverjir fjölsóttustu ferðamannastaðirnir hér á landi. En fjölgun ferðamanna til landsins virðist vera að ná einhverjum stöðugleika og var nú mun minni en fjölgunin árin á undan.

„Umferðartölurnar sýna í raun sömu mynd og tölur Ferðamálastofu, um 5,5 prósent fjölgun ferðamanna 2018 miðað við fyrri ár. Það er einmitt í samræmi við alþjóðlega þróun í fjölgun ferðamanna á heimsvísu, sem er um sex prósent á árinu,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF. „Stóra tækifærið í íslenskri ferðaþjónustu til framtíðar liggur í því að ná jafnvægi í fjölgun ferðamanna á þeim slóðum þannig að ferðaþjónustan verði áfram burðaratvinnugrein í efnahagslífinu og lífskjarauppbyggingu á Íslandi. Við erum mjög bjartsýn á framtíðina og það er engin ástæða til að ætla að ferðamennirnir hverfi skyndilega eins og síldin forðum. Það er af og frá.“


Gullfoss er einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Jóhannes sér þrjár stórar áskoranir sem geta haldið aftur af þróun greinarinnar og haft áhrif á samkeppnishæfni hennar. Innlendir aðilar og þættir hér heima hafa að hans mati mest um það að segja hvernig greinin þróast.

„Þar má nefna háan launakostnað, en launavísitala hefur hækkað um 44 prósent frá 2012, hátt gengi gjaldmiðilsins sem hefur haft mjög neikvæð áhrif á afkomu ferðaþjónustufyrirtækja undanfarin ár, og starfsumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja sem ríkisvaldið getur haft mikil áhrif á með ákvörðunum sínum,“ segir Jóhannes Þór. „Ef það tekst að hafa hemil á kostnaði sem hlýst af þessum þremur þáttum mun það hjálpa ferðaþjónustufyrirtækjum mjög við að færa þjóðarbúinu aukin verðmæti inn í framtíðina.“ sveinn@frettabladid.is

> Það er engin ástæða til að ætla að ferðamennirnir hverfi skyndilega eins og síldin forðum.
>
> Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar



ramisland.is
RAM 3500 – HÖRKUTÓL SEM ENDIST




40" BREYTTUR
EIGUM ALLAR ÚTFÆRSLUR TIL AFHENDINGAR, SLT, LARAMIE, LARAMIE SPORT, LIMITED OG LIMITED TUNGSTEEN.
BJÓÐUM UPP Á 37" TIL 42" BREYTINGARPAKKA.
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
RAM
UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

# TILBOÐSDAGAR




**SKODA Octavia Combi**
Nýskráður 5/2015, ekinn 67 þús.km., dísel, beinskiptur.
Ásett kr. 2.390.000
Tilboð
kr. 1.990.00
kr. 25.931 á mán. í 84 mán.




**Suzuki Grand Vitara LUX**
Nýskráður 5/2014, ekinn 97 þús.km., dísel, beinskiptur.
Ásett kr. 2.490.000
Tilboð
kr. 1.790.000
kr. 23.340 á mán. í 84 mán.




**Honda Civic Type-R GT**
Nýskráður 3/2018, ekinn 5 þús.km., bensín, beinskiptur, 320 hö. Honda verksmiðjuábyrgð til 3/2021.
Ásett kr. 6.490.000
Tilboð
kr. 5.990.000
kr. 77.732 á mán. í 84 mán.




**Honda CR-V Lifestyle+ dísel**
Nýskráður 10/2018, Nýtt ökutæki, dísel, beinskiptur, leðurinnrétting. Honda verksmiðjuábyrgð til 10/2021
Ásett kr. 5.390.000
Tilboð
kr. 4.390.000
kr. 57.011 á mán.*




**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 6/2017, ekinn 27 þús.km., bensín, beinskiptur. Honda verksmiðju-ábyrgð til 6/2020.
Ásett kr. 2.090.000
Tilboð
kr. 1.890.000
kr. 27.226 á mán.*




**Honda CR-V Executive dísel**
Nýskráður 4/2017, ekinn 40 þús.km., dísel, sjálfskiptur. Honda verksmiðju-ábyrgð til 4/2020.
Ásett kr. 4.990.000
Tilboð
kr. 4.590.000
kr. 59.602 á mán.*




**Honda CR-V Elegance navi**
Nýskráður 6/2017, ekinn 61 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Honda verksmiðju-ábyrgð til 6/2020.
Ásett kr. 3.990.000
Tilboð
kr. 3.690.000
kr. 47.946 á mán.*




**Honda CR-V Elegance dísel**
Nýskráður 5/2017, ekinn 65 þús.km., dísel, sjálfskiptur. Honda verksmiðju-ábyrgð til 5/2020
Ásett kr. 4.290.000
Tilboð
kr. 3.790.000
kr. 49.241 á mán.*




**Honda Civic Comfort 5 dyra**
Nýskráður 6/2017, ekinn 29 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Honda verksmiðju-ábyrgð til 6/2020
Ásett kr. 2.790.000
Tilboð
kr. 2.490.000
kr. 32.406 á mán.*




**Honda Civic Prestige 5 dyra**
Nýskráður 3/2018, ekinn 4 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Honda verksmiðju-ábyrgð til 3/2021.
Ásett kr. 3.790.000
Tilboð
kr. 3.490.000
kr. 46.356 á mán.*




**Honda HR-V Elegance**
Nýskráður 9/2018, nýtt ökutæki, bensín, sjálfskiptur. Honda verksmiðjuábyrgð til 9/2021
Ásett kr. 3.990.000
Tilboð
kr. 3.546.000
kr. 46.081 á mán.*




**Toyota Land Cruiser 150GX**
Nýskráður 8/2016, ekinn 74 þús.km., dísel, sjálfskiptur, 7 manna.
Ásett kr. 6.990.000
Tilboð
kr. 6.290.000
kr. 81.617 á mán.*

## Opnunartími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00
**notaðir.bernhard.is** opið allan sólarhringinn

Skoðaðu alla söluskrána okkar á

**notadir.bernhard.is**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

*Afborganir eru miðað við 80% lán til 84 mánaða. Fjölbreyttir lánamöguleikar í boði




**OPEL INSIGNIA LIMOUSINE**
Raðnúmer 740043
Nýskráður: 2015 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 38.000 km.
**Verð:** 3.290.000 kr.
**Tilboð: 2.950.000 kr.**




**TOYOTA LAND CRUISER 150**
Raðnúmer 445384
Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 58.000 km.
**Verð:** 6.790.000 kr.
**Tilboð: 6.390.000 kr.**

**Smelltu þér á notaðan á nýrri heimasíðu**



**Smelltu á**
notadir.benni.is




**NISSAN QASHQAI TEKNA**
Raðnúmer 740150
Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 24.000 km.
**Verð:** 4.590.000 kr.
**Tilboð: 3.990.000 kr.**




**SUZUKI VITARA**
Raðnúmer 445311
Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 79.000 km.
**Verð:** 2.790.000 kr.
**Tilboð: 2.390.000 kr.**




**TOYOTA YARIS ACTIVE**
Raðnúmer 445350
Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 24.000 km.
**Verð:** 2.590.000 kr.
**Tilboð: 2.290.000 kr.**




**OPEL ASTRA**
Raðnúmer 445249
Nýskráður: 2015 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 150.000 km.
**Verð:** 1.490.000 kr.
**Tilboð: 990.000 kr.**




**OPEL CORSA-E**
Raðnúmer 445261
Nýskráður: 2018 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 40.000 km.
**Verð:** 2.490.000 kr.
**Tilboð: 2.190.000 kr.**




**SSANGYONG TIVOLI DLX**
Raðnúmer 112503
Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 31.000 km.
**Verð:** 3.000.000 kr.
**Tilboð: 2.790.000 kr.**




**SSANGYONG REXTON**
Raðnúmer 740214
Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 58.000 km.
**Verð:** 4.390.000 kr.
**Tilboð: 3.990.000 kr.**




**SSANGYONG KORANDO**
Raðnúmer 445289
Nýskráður: 2016 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 141.000 km.
**Verð:** 2.490.000 kr.
**Tilboð: 1.990.000 kr.**

Bílabúð Benna
**NOTAÐIR BÍLAR**
**Skoðaðu úrvalið á notadir.benni.is**

**Reykjavík**
Krókháls 9 | Sími: 590 2035

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Opnunartímar:**
Virka daga 10-18
Laugardaga 12-16

* Birt með fyrirvara um mynd og textabrengl.
Útreikningur miðaður við 20% útborgun og 84 mánaðarlegar greiðslur.




Skilgreining á hugtakinu tekur meðal annars til tilrauna til að þvinga fram játningar í yfirheyrslum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ekki þörf fyrir ákvæði um pyndingar í lögum

**Pyndingar eru ekki skilgreint brot í íslenskum lögum. Sérstakt refsiákvæði sagt óþarft í skýrslu íslenskra stjórnvalda til alþjóðlegrar nefndar gegn pyndingum. Eðlilegt og góður varnagli að setja skilgreininguna í lög að mati sérfræðings.**

**LÖGREGLUMÁL** Íslensk stjórnvöld telja ekki ástæðu til að skilgreina pyndingar sérstaklega sem refsivert athæfi í íslenskri refsilöggjöf. Þetta kemur fram í nýlegri skýrslu ríkisins til nefndar Sameinuðu þjóðanna um bann við pyndingum. Stjórnvöld hafa átt regluleg samskipti við nefndina frá árinu 1998 og hefur nefndin í öllum erindum sínum lagt áherslu á að pyndingar verði skilgreindar sem sérstakt refsivert brot í refsilögum landsins.

Í svörum ríkisins í nýjustu skýrslu þess til nefndarinnar er vísað til þess að bann við pyndingum sé tiltekið í stjórnarskránni og einnig í Mannréttindasáttmála Evrópu sem er lögfestur hér á landi. Hins vegar sé ekkert ákvæði um bann við pyndingum í refsilöggjöfinni. Þetta er skýrt þannig að allt líkamlegt ofbeldi sé refsivert samkvæmt hegningarlögum sem og brot gegn frelsi fólks. Þá séu brot framin í opinberu embætti einnig refsiverð og taki til þeirrar háttsemi sem lýst er í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum. Með vísan til þessa líti stjórnvöld svo á að bann við pyndingum sé nægilega tryggt í íslenskum lögum þrátt fyrir að hugtakið sé ekki skilgreint sérstaklega í löggjöfinni.

„Í dag yrði ákært á grundvelli ákvæða um ofbeldisbrot og brot í opinberu starfi en það væri í sjálfu sér mjög eðlilegt að setja inn ákvæði um pyndingar sem skilgreini sérstaklega ofbeldisbrot af hálfu hins opinbera sem tæki mið af alþjóðlegum skilgreiningum,“ segir Jón Þór Ólason, sérfræðingur í refsirétti. Hann segir að þótt bann sé lagt við pyndingum í stjórnarskrá verði menn ekki ákærðir á grundvelli hennar né mannréttindasáttmálans.

„Og jafnvel þótt menn telji svona ákvæði ekki verða notað eða að ekki sé þörf fyrir það, er alltaf varnagli að hafa skilgreininguna í lögum.“

Í skýrslunni svara stjórnvöld ýmsum spurningum nefndarinnar sem lúta að efni samningsins. Óskað er eftir upplýsingum um fjölda kvartana sem borist hafa um pyndingar og slæma meðferð af hálfu lögreglumanna; rannsóknir slíkra mála, saksóknir, fjölda sakfellinga og dóma. Í svari stjórnvalda segir að engin tölfræði sé til um pyndingar sem slíkar þar sem hugtakið er ekki skilgreint í íslenskri löggjöf.

Gerð er töluleg grein fyrir kvörtunum um slæma meðferð hjá lögreglu á árunum 2008 til 2014 og voru þær 92 talsins. Í langflestum tilvikum lutu kvartanir að harkalegri meðferð við handtöku eða í fangaklefa en einnig að niðurlægjandi meðferð, hótunum, líkamsárásum, líkamstjóni vegna gáleysislegrar meðferðar og dauða í fangaklefa.

Ákært var í fjórum tilvikum og sakfellt í þeim öllum. Í tveimur málum var refsing í formi sektargreiðslu, í einu tilviki fékk dómfelldi 30 daga fangelsi og í einu tilviki tveggja ára skilorð.

Nefndin óskaði einnig upplýsinga frá ríkinu um bætur, endurhæfingu og aðra lausn mála fyrir brotaþola pyndinga; hversu margar kröfur hafi verið lagðar fram, í hve mörgum tilvikum orðið hefur verið við slíkum kröfum og fjárhæðir bóta í hverju tilviki.

Í svari ríkisins er aftur vísað til fyrri svara þess efnis að íslensk hegningarlög skilgreini ekki pyndingar sem sérstakt brot en bent á að allt athæfi sem miði að því að ógna lífi og limum fólks sé refsivert samkvæmt hegningarlögum og fórnarlömb slíkra brota geti krafist bóta, bæði í refsi- og einkamáli.

Þá er óskað upplýsinga um hvort tryggt sé í réttarfarslögum að sönnunargögnum sem aflað hefur verið með pyndingum verði vísað frá dómi og óskað upplýsinga um fjölda tilvika þar sem slíkum gögnum hefur verið vísað frá sem ómarktækum.

Í svari ríkisins er aftur vísað til þess að hugtakið sé ekki skilgreint í íslenskri löggjöf og þar af leiðandi sé heldur ekkert ákvæði í lögum sem beinlínis girði fyrir notkun sönnunargagna sem aflað hefur verið með pyndingum. Þrátt fyrir það myndu íslenskir dómstólar hins vegar vísa slíkum sönnunargögnum frá dómi með vísan til annarra réttarfarsákvæða.

Ekki liggur fyrir hvenær nefndin tekur skýrsluna til skoðunar eða hvenær viðbragða frá henni er að vænta en meðferð skýrslna tekur allt að tveimur árum hjá nefndinni.

adalheidur@frettabladid.is

## Skilgreining samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna

Í samningi þessum merkir hugtakið „pyndingar“ hvern þann verknað sem manni er vísvitandi valdið alvarlegum líkamlegum eða andlegum sársauka eða þjáningu með í því skyni t.d. að fá hjá honum eða þriðja manni upplýsingar eða játningu, refsa honum fyrir verk sem hann eða þriðji maður hefur framið eða er grunaður um að hafa framið, eða til að hræða eða neyða hann eða þriðja mann, eða af ástæðum sem byggjast á mismunun af einhverju tagi, þegar þeim sársauka eða þjáningu er valdið af eða fyrir frumkvæði eða með samþykki eða umlíðun opinbers starfsmanns eða annars manns sem er handhafi opinbers valds. Hugtakið tekur ekki til sársauka eða þjáningar sem rekja má að öllu leyti til eða tilheyrir eða leiðir af lögmætum viðurlögum.

## Afdrif 92 kærumála á hendur lögreglu á árunum 2008 til 2014

| | |
|---|---|
| Máli vísað frá | 53% |
| Rannsókn hætt | 39% |
| Saksókn og sakfelling | 4% |
| Fallið frá saksókn | 2% |
| Kæra dregin til baka | 1% |
| Ekki talin efni til rannsóknar | 1% |



Jón Þór Ólason.

# Meiri hollusta




**10%** afsláttur af öllum **Fisherman** vörum

FISHERMAN

## Fisherman fiskur

Ferskur fiskur og fiskréttir. Hollur matur fyrir kröfuharða

Tilboð gilda út 13. janúar

VEGAN




### Ape snakk

Coconut Puffs og Curls

verð frá **239** kr/pk

**25%** afsláttur




### GT´S Kombucha

Er talinn góður fyrir meltinguna, þarmaflóruna, bætir orku og líðan.

**524** kr/stk
Verð áður **699** kr/kg

**20%** afsláttur




### ProPud

Próteinbúðingur fyrir kröfuharða

**231** kr/stk
Verð áður **289** kr/kg




**KASSATILBOÐ**

### Sparkling Ice

Kolsýrt vatn aðeins 12 kaloríur

**1.999** kr/ks
Verð áður **3.108** kr/ks

**25%** afsláttur




### Guli miðinn

25% afsláttur af öllum vítamínum frá Gula miðanum

**20%** afsláttur




### Leksands hrökkbrauð

Sænskt súrdeigs hrökkbrauð eins og það gerist best. 20% afsláttur

HAGKAUP *Meira svona alla daga*


Skúli Mogensen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Indigo eignast 49 prósenta hlut í WOW

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingafélagið Indigo Partners mun til að byrja með eignast 49 prósenta hlut í WOW air, gangi kaup félagsins í flugfélaginu eftir. Kjósi Indigo hins vegar að nýta sér breytirétt, sem kveðið er á um í skilmálum lánssamnings félaganna tveggja, gæti það eignast stærri hlut í WOW air.

Þetta kemur fram í bréfi sem Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, skrifaði skuldabréfaeigendum flugfélagsins í gær. Tilkynnt var um það í lok nóvember síðastliðins að náðst hefði samkomulag um fjárfestingu Indigo í WOW air. Vinna við áreiðanleikakönnun stendur enn yfir.

Í bréfi Skúla til eigenda skuldabréfanna kemur fram að fjárfesting Indigo í WOW air verði aðallega í formi láns til tíu ára með breytirétti í hlutafé. Verða vextir af láninu greiddir árlega og þá skulu höfuðstóll og áunnir vextir greiðast í lok lánstímans.

Fjárhæð fjárfestingar Indigo Partners mun jafnframt ráðast af því, eftir því sem fram kemur í bréfi Skúla, hver fjárþörf WOW air verður á meðan rekstri félagsins verður snúið við. Segir hann fjárfestingafélagið hyggjast fjármagna flugfélagið „á fullnægjandi hátt“ á meðan rekstur flugfélagsins verður endurskipulagður.

„Indigo Partners hefur ítrekað sýnt að þeir eru þolinmóðir langtímafjárfestar, til dæmis með fjárfestingum þeirra í Wizz air, Volaris og Frontier Airlines,“ segir í bréfinu. **– kij**

# Héldu ráni á milljarðamæringi leyndu fyrir norsku þjóðinni

**Lögreglan í Noregi ráðlagði fjölskyldu Anne-Elisabeth Falkevik Hagen að halda því leyndu að henni var rænt af heimili sínu 31. október síðastliðinn. Lögreglan er svartsýn en vonast til að ná sambandi við mannræningjana með því að gera málið opinbert. Þeir krefjast eins milljarðs króna sem Hagen neitar að borga.**


Fjölmiðlafólk flykktist í gær að heimili Hagen-fjölskyldunnar í Fjellhamar í sveitarfélaginu Lørenskog. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**NOREGUR** „Það mikilvægasta er að fá merki frá mótaðilanum um að hún sé í lagi og þá er fjölskyldan innstillt á að fá í gang ferli til að fá hana heim aftur,“ sagði talsmaður fjölskyldu Anne-Elisabeth Falkevik Hagen í samtali við Verdens Gang gær.

Anne-Elisabeth Falkevik Hagen er eiginkona Toms Hagen sem er einn af 200 ríkustu mönnum í Noregi. Auðæfi hans stafa af olíu- og fasteignaviðskiptum. Lögregla upplýsti í gær að Anne-Elisabet hefði þann 31. október síðastliðinn, eða fyrir tíu vikum, verið rænt úr baðherbergi heimilis síns í Fjellhamar í sveitarfélaginu Lørenskog.

Málinu hefur verið haldið vandlega leyndu allan þennan tíma, jafnvel þótt nokkrir norskir fjölmiðlar hafi vitað af því um skeið. Lögreglan óttaðist um líf Anne-Elisabeth ef fjölmiðlar fjölluðu um málið.

Svein Holden, lögmaður Hagen-fjölskyldunnar, sagði í samtali við VG í gær að það hefði verið mjög krefjandi á margan hátt að tryggja að málið spyrðist ekki út. „Í samstarfi við lögregluna var talið rétt að gera þetta á þennan hátt,“ sagði hann um þessa ákvörðun. Málið hafi reynt gífurlega á fjölskylduna. Hagen-hjónin eiga þrjú uppkomin börn auk barnabarna.

Vísbendingar sem lögreglan hefur getað fylgt hafa verið af mjög skornum skammti. Engin vitni eru að brottnáminu og samskipti við þann eða þá sem rændu Anne-Elisabeth hafa ekki gefið afgerandi til kynna að hvort hún væri lífs eða liðin.

Tungumálasérfræðingar hafa lagt lögreglu lið við að bera kennsl á mannræningjana sem krefjast jafnvirði um eins milljarðs íslenskra króna í rafmyntinni monero og hafa hótað því að gera Anne-Elisabeth mein ef ekki verður gengið að kröfum þeirra. Auðæfi eiginmanns hennar hafa verið metin á jafnvirði yfir 23 milljarða króna. Fjölskyldan neitar að greiða lausnargjaldið en vill semja við mannræningjana um farsæla lausn á málinu.


Anne-Elisabeth Falkevik.


Tom Hagen.

> Í samstarfi við lögregluna var talið rétt að gera þetta á þennan hátt.
>
> Svein Holden, talsmaður Hagen-fjölskyldunnar



Norðmenn eru slegnir og lögreglan er vondauf. „Ef ég á að vera heiðarlegur þá er rannsókn þessa máls mjög erfið. Það eru engir handfastir hlutir í málinu sem benda til þess að það verði leyst á skömmum tíma,“ sagði lögreglumaðurinn Tommy Brøske við VG. **gar@frettabladid.is**




## Með áhyggjur af afskiptum Bannons


Steve Bannon.

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Evrópusambandið vinnur nú að því að koma í veg fyrir dreifingu falsfrétta sem kunna að hafa áhrif á Evrópuþingskosningarnar í vor. Auka á samvinnu Evrópusambandsríkja í því skyni og auka samvinnu milli samfélagsmiðla þar sem falsfréttir geta fengið dreifingu.

Samkvæmt frétt sænska ríkisútvarpsins hefur helsta ógnin hingað til stafað frá Rússlandi. Evrópumálaráðherra Svíþjóðar, Ann Linde, telur hins vegar einnig ástæðu til að óttast aðgerðir Steves Bannon, sem áður var einn nánasti ráðgjafi Trumps, en hann hefur hafið afskipti af kosningabaráttunni fyrir Evrópuþingskosningarnar. Hann hafi sýnt það í kosningabaráttunni í Bandaríkjunum að hann hafi beitt aðferðum sem menn vilji helst ekki sjá, eins og til dæmis að nota Twitter og Facebook til að greina skoðanir einstaklinga og senda síðan út rangar upplýsingar.

Bannon var áður aðstoðarframkvæmdastjóri greiningarfyrirtækisins Cambridge Analytica sem safnaði án leyfis persónuupplýsingum um margar milljónir notenda Facebook í því skyni að senda út pólitískan boðskap fyrir bandarísku kosningarnar 2016.

Bannon er nú sagður vonast til að geta sameinað þjóðernisflokka í Evrópu og var hann nýlega í Brussel í því skyni. **– ibs**

## Refsi fyrir andlegt ofbeldi

**DANMÖRK** Nýtt lagafrumvarp frá dómsmálaráðuneytinu í Danmörku á að tryggja að refsingar fyrir andlegt ofbeldi verði jafnþungar og refsingar fyrir líkamlegt ofbeldi, að því er danskir fjölmiðlar greina frá. Dómsmálaráðherra Danmerkur, Søren Pape Poulsen, segir marbletti eftir líkamlegt ofbeldi hafa verið sýnilega. Örin á sálinni hafi hins vegar gleymst. Þau geti jafnvel verið enn dýpri en hin, er haft eftir ráðherranum í fréttatilkynningu.

Samkvæmt frumvarpinu verður hægt að dæma þá sem beita andlegu ofbeldi í allt að þriggja ára fangelsi. Framkvæmdastjóri samtaka sem vinna að því að aðstoða konur og börn sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi fagnar frumvarpinu. **– ibs**


KRÓNAN
Kjúklinga karrý
Svarið við erfiðustu spurningu dagsins?
Tómatar í lausu
346 kr. kg
Krónu Kjúklingafile
2369 kr. kg.
Suðupokagrjón 4x125 g
119 kr. kg
Patak's Curry Paste
399 kr. stk.
Gestus kókosmjólk
249 kr. stk.
Laukur
160 kr. kg
Þú finnur uppskriftina hér:
kronan.is/korteri4
Gerð'ana vegan
skiptu úr kjúlla fyrir baunir
Bauna karrý
KORTER Í 4
Kjúklingabaunir
219 kr. stk.
VEGAN
vegan
Vegan matur fyrir fjóra = 1.316 kr.*
329 kr. á mann
*Miðað við 2 dósir af kjúklingabaunum, 250 g af tómötum, 150 g af lauk, pakka af hrísgrjónum, krukku af curry paste og dós af kókosmjólk.
Matur fyrir fjóra = 2.489 kr.*
622 kr. á mann
*Miðað við 680 g af kjúkling, 250 g af tómötum, 150 g af lauk, pakka af hrísgrjónum, krukku af curry paste og dós af kókosmjólk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Skuldagrunnur getur afhjúpað áhættu

**Forstöðumaður hjá Creditinfo segir að miðlæg skrá yfir skuldir fólks og fyrirtækja geti stutt við fjármálastöðugleika. Skuldagrunnur þessi geti verið öflugt greiningartæki fyrir stjórnvöld og eftirlitsstofnanir. Finna má fordæmi fyrir slíkum gagnagrunni víða um heim.**

Kortlagning útlánaáhættu og betri upplýsingar um beitingu þjóðhagsvarúðartækja eru á meðal þeirra kosta sem felast í miðlægri skrá yfir skuldbindingar allra einstaklinga og lögaðila, svokölluðum skuldagrunni.

Í hvítbókinni um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið sem gefin var út í desember var fjallað um hugmyndir að miðlægum skuldagrunni sem nýttist stjórnvöldum og fjármálafyrirtækjum við að fá auknar upplýsingar vegna skuldsetningar í efnahagslífinu. Creditinfo rekur skuldastöðukerfi sem nýtt er til miðlunar skuldastöðu einstaklinga og fyrirtækja.

„Þessi hugmynd kom fram á sjónarsviðið árið 2009 þegar stjórnvöld og eftirlitsstofnanir voru að velta fyrir sér hvort það væru ekki tiltækar upplýsingar sem hefðu getað varpað ljósi á stöðu fjármálakerfisins og skuldir heimilanna,“ segir Gunnar Gunnarsson, forstöðumaður greiningar og ráðgjafar hjá Creditinfo, í samtali við Markaðinn og vísar til skýrslu Finnans Kaarlo Jännäri um regluverk og eftirlit með íslenskum bönkum frá árinu 2009 en þar var lagt til að komið yrði á fót miðlægum skuldagrunni.

„Það er hægt að lesa ýmislegt út úr ársreikningum banka, eins og heildarskuldsetningu í landinu, en skuldagrunnur veitir yfirsýn yfir samsetningu og dreifingu skuldanna. Hann segir okkur til dæmis hvort fáir skuldi mikið eða margir lítið.“

Gunnar segir að kostir miðlægs skuldagrunns séu margvíslegir og nefnir fjögur dæmi.

„Í fyrsta lagi gæti hann bætt mat fjármálafyrirtækja á útlánaáhættu og aukið skilvirkni í lánveitingum, í öðru lagi bætt yfirsýn lántakenda yfir eigin skuldir, í þriðja lagi bætt mat eftirlitsstofnana á samþjöppun á áhættu og í fjórða lagi nýst stjórnvöldum til greininga og ákvörðunartöku.“

Fyrstu tvo kostina má nú þegar finna í skuldastöðukerfinu sem Creditinfo heldur úti en það inniheldur upplýsingar um skuldir og ábyrgðir einstaklinga og fyrirtækja. Kerfið gerir þannig fjármálafyrirtækjum auðveldara að meta skuldastöðu viðskiptavina sinna vegna nýrra lánveitinga og gefur einstaklingum möguleika á að fá yfirsýn yfir sínar eigin skuldir. Gunnar segir að helsti ábatinn af því að koma á fót miðlægum skuldagrunni varði því eftirlitsstofnanir og stjórnvöld.

*Hvaða skref þarf að taka til þess að búa til einn miðlægan skuldagrunn á Íslandi?*

„Þetta eru umfangsmikil og viðkvæm gögn og því þarf líklega sérstaka lagasetningu til en eins og fjallað er um í hvítbókinni eru ýmis fyrirtæki og stofnanir að safna gögnum um skuldir í dag,“ segir Gunnar og nefnir sem dæmi skuldastöðukerfi Creditinfo og skuldbindingaskrá Fjármálaeftirlitsins sem heldur utan um heildarskuldbindingar einstaklinga og fyrirtækja við fjármálafyrirtæki að kröfuvirði yfir 300 milljónir króna. Þá hafi FME einnig hafið undirbúning að öflun gagna um fasteignalán til neytenda.

Hagstofa Íslands fékk árið 2013 lagaheimild til að afla reglubundinna upplýsinga um eignir, skuldir, tekjur og gjöld heimila og fyrirtækja í landinu en heimildin féll úr gildi í lok árs 2018. Aðrar stofnanir höfðu hins vegar takmarkaðan aðgang að gögnunum og þar af leiðandi var ekki hægt að nota þau til eftirlits og greiningar á kerfisáhættu og fjármálastöðugleika.

Spurður hvort finna megi fordæmi fyrir slíkum skuldagrunni erlendis svarar Gunnar játandi.

„Það eru fordæmi fyrir þessu og það er misjafnt hvernig þetta er útfært. Í sumum tilfellum safnar seðlabanki hvers lands upplýsingunum en í öðrum tilfellum einkafyrirtæki. Creditinfo hefur til dæmis komið að svona verkefnum í nokkrum löndum,“ segir Gunnar.

thorsteinn@frettabladid.is



Gunnar er forstöðumaður hjá Creditinfo. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI







Sjóður í stýringu Miton er áttundi stærsti hluthafi TM. LJÓSMYND/TM

## Miton bætir við sig í TM

**21%**

**var lækkun á hlutabréfaverði TM á síðasta ári.**

Sjóður í stýringu breska eignastýringarfyrirtækisins Miton Group keypti nýverið ríflega hálfs prósents hlut í TM og fer eftir kaupin með 5,1 prósents hlut í tryggingafélaginu.

Sjóðurinn, CF Miton UK Multi Cap Income, festi kaup á 3,68 milljónum hluta í TM en miðað við núverandi gengi hlutabréfa í félaginu má ætla að kaupverðið hafi numið um 95 milljónum króna.

Sjóðurinn á nú hlutabréf í tryggingafélaginu að virði um 905 milljónir króna og er áttundi stærsti hluthafi félagsins.

Fjárfestingasjóðir í stýringu Miton Group hafa látið til sín taka á íslenskum hlutabréfamarkaði undanfarin misseri og eru í hópi stærstu hluthafa í mörgum skráðum félögum, þar á meðal skráðu tryggingafélögunum þremur. Þannig fer áðurnefndur sjóður með 4,7 prósenta hlut í Sjóvá og 6,2 prósenta hlut í VÍS.

Sjóður í stýringu breska vogunarsjóðsins Lansdowne Partners er fimmti stærsti hluthafi TM með liðlega 7,4 prósenta hlut og þá eru tveir sjóðir á vegum bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa tryggingafélagsins með samanlagt þriggja prósenta hlut.

Lífeyrissjóður verslunarmanna er sem kunnugt er stærsti hluthafi tryggingafélagsins með tæplega tíu prósenta hlut. Gildi – lífeyrissjóður á ríflega 9,1 prósents hlut í félaginu og Birta lífeyrissjóður um 7,8 prósenta hlut.

Hlutabréf í TM lækkuðu um 21,3 prósent í verði á síðasta ári en það sem af er þessu ári hefur hlutabréfaverð tryggingafélagsins staðið nokkurn veginn í stað. – **kij**

# ALVÖRU ÚTSALA Í MÚRBÚÐINNI



## Harðparket, vínilparket, viðarparket

Allt að 50% AFSLÁTTUR

Verðdæmi:
8mm Harðparket Smoke Eik. Verð nú **770** kr/m² **50%** afsáttur
12mm Harðparket Eik hvíttuð. Verð nú **1.718** kr/m2 **25%** afsláttur
14mm Parket Eik hvíttuð Natural. Verð nú **1.995** **50%** afsláttur

CERAVID



3-6 lítra hnappur

25% AFSLÁTTUR

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og **hæglokandi seta.**
Þýsk gæðavara
**29.168**
Áður kr. ~~38.890~~

Skál: „Scandinavia design"

20% AFSLÁTTUR

**Lavor háþrýstidælur 130-180 bör**
**Verð nú frá:**
**9.992** kr.



MIKIÐ ÚRVAL

25% AFSLÁTTUR

LuTool gráðukúttsög
254mm blað
**20.168**
Áður kr. ~~26.890~~

Sög með 305mm blaði
**26.918**



Sög á mynd m. 305mm blaði

**BoZZ sturtuklefar og sturtuhorn**
**Mikið úrval. Verð nú frá**
**27.992** kr.



20% AFSLÁTTUR

## Flísar MIKIÐ ÚRVAL

20 -40% AFSLÁTTUR



Frá kr. 950 pr. m²

Ceraviva Cementi ljós 60x60 Verð nú **2.392** kr/m²
Prestige hvítar 30x75 Verð nú **2.094** kr/m²
Veggflísar 10x30 Ral 9016 hvít mött Verð nú **1.614** kr/m²
Veggflísar 15x15 dökk grá mött Verð nú **950** kr/m²

Oulin og Bolego stálvaskar
Margar gerðir
Verð frá
**3.294**

30-40% AFSLÁTTUR



20% AFSLÁTTUR



Tower Nano sturtusett
Verð nú:
**9.592**
Áður kr. ~~11.990~~

Gua-543-1 vegghengdur vaskur, 1mm stál, einnig fáanlegur í borð
**7.794**
Áður kr. ~~12.990~~



40% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR



Egematur Aria
**3.996**
Verð áður ~~4.995~~

Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
**2.018**
Áður kr. ~~2.690~~



25% AFSLÁTTUR



BOZZ- LH2202
Hitastýrt sturtutæki m. niður- eða uppstút (rósettur fylgja)
**7.112**
Áður kr. ~~8.890~~

20% AFSLÁTTUR

**Áltröppur og stigar fyrir heimilið og fagmenn. Verð nú frá**
**3.992** kr.



20% AFSLÁTTUR

Tia Pro Trappa 5 þrep.
Verð nú:
**15.112**
Áður kr. ~~18.890~~

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Afslættir gilda til 31/1/2019 aðeins á auglýstar vörur og á meðan birgðir endast.

MÚRBÚÐIN
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*




Hlutabréf í Marel hækkuðu um tæp 15% í verði í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## 800 milljóna kaup í Marel

Fjárfestingarsjóður í stýringu American Funds, dótturfélags bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Capital Group, bætti nýverið við hlut sinn í Marel með kaupum á hlutabréfum í félaginu fyrir um 810 milljónir króna, samkvæmt nýlegum lista yfir stærstu hluthafa Marels. Eftir kaupin er sjóðurinn tíundi stærsti hluthafinn með 1,92 prósenta hlut.

Umræddur sjóður, Smallcap World Fund, kom fyrst inn í hluthafahóp Marels síðasta vor ásamt sjóðnum American Fund Insurance Series, sem er jafnframt í stýringu American Funds.

Smallcap World Fund hlutabréfasjóðurinn keypti til að byrja með yfir 2,9 milljónir hluta í Marel en hann hefur bætt við sig jafnt og þétt í félaginu á undanförnum mánuðum.

Í seinni hluta desembermánaðar átti sjóðurinn liðlega 10,8 milljónir hluta eða sem nemur um 1,59 prósenta eignarhlut. Í kjölfar síðustu kaupanna fer sjóðurinn með 13,1 milljón hluta í Marel að virði um 4,8 milljarðar króna, sé miðað við núverandi gengi hlutabréfa félagsins.

Bandaríska fyrirtækið Capital Group, eitt stærsta og elsta eignastýringarfyrirtæki heims, er samtals með eignir í stýringu að jafnvirði um 1.700 milljarða Bandaríkjadala. – kij

# Meniga kaupir sænskt félag

Forstjóri Meniga segir að við kaupin á Wrapp verði fyrirtækið stærst á sviði endurgreiðslutilboða á Norðurlöndunum. Saman geti þau vaxið hraðar en í sitt hvoru lagi. Nordea bætist við í hluthafahóp í Meniga.




Georg Lúðvíksson, forstjóri Meniga, segir að bankar vilji í auknum mæli skipta út eldri vildarkerfum. Fréttablaðið/SAJ

Meniga hefur keypt sænska fjártæknifyrirtækið Wrapp. Félagið sérhæfir sig í sérsniðnum tilboðum til neytenda í Svíþjóð og Finnlandi. Georg Lúðvíksson, forstjóri Meniga, segir að við kaupin verði fyrirtækið stærst á sviði endurgreiðslutilboða á Norðurlöndunum. Hvatinn að kaupunum sé að saman geti umsvifin vaxið mun hraðar en í sitt hvoru lagi. Hugmyndin sé að keppa við Google og Facebook og verða leiðandi í stafrænum auglýsingum.

Kaupin eru fjármögnuð með útgáfu nýrra hlutabréfa í Meniga. „Hluthafar Wrapp geta eignast allt að fjórðungs hlut í Meniga ef vöxturinn verður mikill á næstu árum,“ segir Georg í samtali við Fréttablaðið. Nordea, stærsti banki Norðurlanda, var stærsti hluthafi og viðskiptavinur fyrirtækisins og bætist bankinn í hóp hluthafa Meniga. Á meðal annarra hluthafa Meniga má nefna Swedbank, UniCredit og Íslandsbanka.

Starfsmenn Wrapp eru 20 og eftir kaupin verða starfsmenn um 150. „Wrap er um fimm sinnum minna í sniðum en Meniga. Meniga velti um 12,6 milljónum evra á síðasta rekstrarári sem lauk í mars. Á síðasta ári velti Wrapp rúmlega þremur milljónum evra. Bæði félögin eru með ágætis tekjur miðað við stærð og nálægt því að vera rekin á núllinu. Wrapp er í örum vexti, tekjurnar uxu meira en 300 prósent í fyrra,“ segir Georg.

Fram kemur í gögnum sem Fréttablaðið hefur undir höndum að grunnkaupverð Wrapp hafi numið 4,4 milljónum evra en við bættist árangurstengd þóknun sem byggir á árangri næstu ára. Hluthafar Wrapp geta fengið eins og fyrr segir allt að 25 prósent hlut í Meniga eftir kaupin.

### Stofnendurnir eiga fimmtung

Georg segir að stofnendur Meniga, sem eru þrír, eigi um fimmtung í félaginu. Þeir hafi fengið fjárfesta til liðs við sig og félagið hafi sameinast Wrapp. Við það hafi hlutur þynnst. „Við teljum að virði hlutafjárins hafi aukist,“ segir hann og bendir á að félagið hafi sótt rúmlega níu milljónir evra á síðasta ári „án þess að brenna mikið af peningum. Fyrirtækið er vel fjármagnað til að leggja meiri áherslu á vöxt en hagnað.“

Meniga mun fyrst um sinn einblína á Norðurlöndin með endurgreiðslutilboð byggt á neyslu hvers og eins. „Við viljum byrja á að sýna fram á að geta gert þetta á Norðurlöndum. Í flestum löndum er ekki boðið upp á þessa þjónustu. Við gerum ráð fyrir að þetta verði hratt vaxandi markaður. Við teljum rökréttast að byggja það upp í samstarfi við stærsta banka hvers lands. Þessi þjónusta á heima í netbönkum,“ segir hann.

Hann segir að starfsmenn fyrirtækisins merki það „mjög skýrt“ að bankar víða um heim séu að skoða lausnir sem þessar í því augnamiði að skipta út eldri viildarkerfi sem kosti þá fé og skili lítilli tryggð.

> Hluthafar Wrapp geta eignast allt að fjórðungs hlut í Meniga ef vöxturinn verður mikill á næstu árum.

> Bankar á Norðurlöndum átta sig betur en víða annars staðar á að stóra samkeppnin er ekki endilega næsti banki heldur Alibaba, Google, Facebook og Amazon.

### Norðurlöndin byrjunarreitur

Norðurlöndin hafi orðið fyrir valinu því þar sé reiðufé lítið heldur séu stafrænar lausnir nýttar, neytendur séu fljótir að tileinka sér tæknilausnir og stórir norrænir bankar séu áhugasamir um að eiga saman hluti í fjártæknifyrirtækjum sem þrói lausnir sem bankar geti nýtt sér.

„Bankar á Norðurlöndum átta sig betur en víða annars staðar á að stóra samkeppnin er ekki endilega næsti banki heldur Alibaba, Google, Facebook og Amazon. Við þær aðstæður er skynsamlegt að eiga í samstarfi um vissa þætti en halda áfram að keppa um viðskiptavini,“ segir Georg.

Að hans sögn eru Facebook og Google stærstu stafrænu auglýsingamiðlar í heimi fyrir smásala. Smásalar séu á höttunum eftir fleiri leiðum til að auglýsa á netinu. Google-auglýsingar byggi fyrst og fremst á leitum á netinu og Facebook á tengingum við vini og áhugamál. „Við teljum gríðarlega mikil tækifæri fólgin í því að byggja upp auglýsingamiðil byggðan á neysluögu en að því sögðu er notandinn og hans ánægja í fyrirrúmi,“ segir Georg.

Með þessum hætti geti auglýsendur haft yfirsýn yfir hverjir nýta sér tilboðin og hvort þeir viðskiptavinir haldi tryggð við fyrirtækið eða hafi einungis stokkið á tilboðið. Þær upplýsingar geti Facebook og Google ekki veitt.

helgivifill@frettabladid.is




# Bílasala minnkar um fimmtán prósent

Nýskráðum bílum fækkaði um 15 prósent á milli ára en þeir voru 19.879 í fyrra, samkvæmt gögnum frá Ergo. Aldrei höfðu fleiri bílar verið seldir en árið 2017. 2018 fór vel af stað en það fór að hægja á sölunni á seinni hlutanum. Bílasalar hafa sagt að meðal annars hafi óvissa varðandi kjarasamninga dregið úr sölunni. Samdrátturinn í desember var 46 prósent.

Mazda fór frá því að vera fimmta mest selda bílategundin á árinu 2017 í níunda sætið á árinu 2018 og tók Nissan fimmta sætið. Markaðshlutdeild Toyota var 17 prósent í fyrra og er Toyota sem fyrr mest selda tegund ársins. Næst á eftir kom KIA með tíu prósenta hlutdeild og Hyundai með átta prósenta hlutdeild eða 1.523 bíla.



Af lúxusbílum seldist mest af Volvo eða 305 bílar og var markaðshlutdeildin þrjú prósent, því næst kemur Mercedes-Benz með 451 bíl og tveggja prósenta hlutdeild, Land Rover seldi 330 bíla og Audi 305.

BL er sem fyrr stærsta bílaumboðið með 27 prósenta hlutdeild, Toyota á Íslandi er með tæplega 17 prósenta hlutdeild, Hekla með 16 prósent, Brimborg um 15 prósent og Askja tólf. Önnur umboð eru töluvert minni og er markaðshlutdeild þeirra eitt til þrjú prósent. – hvj

### Fjöldi seldra bíla

| | Fjöldi | Hlutdeild |
|---|---|---|
| Toyota | 3.259 | 17% |
| KIA | 2.012 | 10% |
| Hyundai | 1.523 | 8% |
| Volkswagen | 1.325 | 7% |
| Nissan | 1.309 | 7% |
| Renault | 999 | 5% |
| Ford | 996 | 5% |
| Mitsubishi | 948 | 5% |
| Mazda | 909 | 5% |
| Dacia | 718 | 4% |
| Suzuki | 680 | 3% |
| Skoda | 667 | 3% |
| Volvo | 605 | 3% |
| Peugeot | 455 | 2% |
| Mercedes-Benz | 451 | 2% |
| Honda | 445 | 2% |
| Subaru | 384 | 2% |
| Land Rover | 330 | 2% |
| Audi | 305 | 2% |
| Annað | 1.159 | 6% |

Heimild: Ergo




SSANGYONG

ssangyong.benni.is.

**Reykjavík**
Krókháls 9
Sími: 590 2020

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Twitter breytti lífi hennar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ekki veitir af að breyta heiminum til hins betra, en það gengur óneitanlega hægt. Ýmsu má þó koma til leiðar ef margir leggja saman. Þetta sýndi sig í máli hinnar átján ára sádiarabísku Rahaf Mohammed al-Qunun sem lokaði sig inni á hótelherbergi í Bangkok eftir að hafa flúið fjölskyldu sína sem hún sagði vilja sig feiga vegna þess að hún hafnaði íslam. Rahaf hafðist við í herbergi sínu matarlaus en ekki alveg varnarlaus. Hún hafði verið svipt vegabréfi sínu en var með símann sinn sem hún nýtti sér til að komast í samband við umheiminn. Á sólarhring eignaðist hún 45.000 fylgjendur, þeim fór stöðugt fjölgandi og netið fylltist af hvatningarorðum og stuðningsyfirlýsingum til hennar. Oft og tíðum má ergja sig yfir ást nútímamannsins á snjalltækjunum sínum sem yfirleitt eru límd við hann, en svo koma stundir þegar þessi sömu tæki eru notuð á svo áhrifaríkan hátt að ekki er annað mögulegt en að margblessa tilveru þeirra.

Upptaka er til af embættismanni í sendiráði Sádi-Arabíu í Bangkok þar sem hann segir: „Það hefði verið betra ef síminn hennar hefði verið gerður upptækur í staðinn fyrir vegabréfið hennar. Twitter breytti öllu.“ Það var samfélagsmiðillinn sem kom unglingsstúlkunni í heimsfréttirnar og nú er hún í skjóli Sameinuðu þjóðanna.

Rahaf hefur vakið athygli á skelfilegu meini sem öllum er kunnugt um, sem er hlutskipti kvenna í Sádi-Arabíu sem hafa ekki sjálfstæðan tilverurétt. Litið er á þær sem eign karla og þeim ráðstafað eins og hverjum öðrum hlut. Það þarf ofurkjark til að rísa upp gegn slíkri kúgun enda getur slík uppreisn auðveldlega kostað konur lífið. Rahaf flúði fjölskyldu sína sem hafði að hennar sögn beitt hana líkamlegu og andlegu ofbeldi. Hún segist vilja mennta sig, vinna og vera frjáls, nokkuð sem allar manneskjur ættu að hafa tækifæri til.

Fullyrt er að Rahaf hafi fengið morðhótanir og að karlmenn í Sádi-Arabíu vilji að hún verði tekin af lífi og telji að þannig sé um leið auðvelt að koma þeim skilaboðum til sádiarabískra kvenna að slík verði einnig örlög þeirra ákveði þær að fylgja fordæmi hennar.

Samfélag þar sem fyrirlitning og hatur á konum er ríkjandi getur ekki talist siðað. Samt er ríkjandi undirlægjuháttur meðal þjóða heims gagnvart Sádi-Arabíu, þar ráða viðskiptahagsmunir. Von um breytingar á hroðalegu hlutskipti kvenna þar í landi kann að felast í þrýstingi frá almenningi. Þar geta snjalltækin nýst á besta mögulega hátt. Twitter breytti til dæmis öllu í lífi Rahaf. Umheimurinn styður hana og einmitt það hlýtur að skapa ákveðið máttleysi meðal sádiarabískra ráðamanna. Smám saman tekst vonandi að draga úr þeim vígtennurnar.

> **Svo koma stundir þegar þessi sömu tæki eru notuð á svo áhrifaríkan hátt að ekki er annað mögulegt en að margblessa tilveru þeirra.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Óvinur númer 1**

**Samsæriskenningar um að Gunnar Smári Egilsson sé höfundur örlagasinfóníunnar sem helstu verkalýðsleiðtogar spila sem forleik kjarasamninga hafa kraumað um skeið. Björn Ingi Hrafnsson vekur athygli á þessu á vef sínum Viljinn.is og segir Gunnar Smára orðinn óvin ríkisstjórnarinnar nr. 1, ef marka megi storminn kringum hann á samskiptamiðlum með vísan í Hannes Hólmstein Gissurarson sem virðist hafa magnað upp þann storm. Kjarninn í kenningunum virðist þó Hannesi hulinn en hann er að með Sósíalistaflokk og verkalýðshreyfingu í árásarham ætli Gunnar Smári að gera Vinstri grænum stjórnarsamstarfið óbærilegt í von um kosningar þar sem Sósíalistaflokkurinn muni sópa til sín fylgi VG.**

**Vankaður Hannes**

**Upplegg Björns Inga er breiðsíðuárásir Hannesar á samfélagsmiðlum sem leggur til á Facebook að keyptur verði flugmiði undir Smára til Venesúela þar sem „þar er nú heldur betur iðkaður sósíalisminn“. Hannes hjó síðan í sama knérunn á Twitter og dró kapítalíska fortíð hins íslenska Hugo Chávez inn í myndina og tísti alveg sleginn hvernig „leigupenni auðjöfranna“ geti skyndilega orðið verkalýðsleiðtogi og sósíalistaforingi? „Beats me.“**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Eftirsóttasta sveitarfélagið?



Kjartan Már Kjartansson
bæjarstjóri Reykjanesbæjar

Í Fréttablaðinu 7. janúar er frétt um fjölgun íbúa í Reykjanesbæ auk umfjöllunar í dálknum „Frá degi til dags“. Bæjarbúum hefur fjölgað um 8% ári og eru íbúar nú 19 þúsund og um 26 þúsund á Suðurnesjunum öllum. Ástæðan er fyrst og fremst mikil eftirspurn eftir vinnuafli vegna aukinnar flugumferðar og uppbyggingar á Keflavíkurflugvelli. Einnig hagstætt íbúðaverð í samanburði við höfuðborgarsvæðið og grunn- og leikskólar sem eru með þeim bestu á landinu. Fjölmörg dæmi eru um fólk sem hefur flutt til Reykjanesbæjar en haldið áfram að sækja vinnu til höfuðborgarinnar.

Falleg náttúra, fjölbreytt mannlíf og kröftugt íþrótta- og tómstundastarf eiga líka sinn þátt í því að æ fleiri kjósa að búa í Reykjanesbæ. Árið 2017 var Reykjanesskaginn útnefndur einn af 100 sjálfbærustu stöðum í heiminum af samtökunum „Green Destinations“. Jarðvangurinn „Reykjanes Geopark“ er vottaður af UNESCO, sem einn af merkilegustu jarðvöngum veraldar, þar sem skil Ameríku- og Evrópuflekanna koma á land austan Sandvíkur. Einn vinsælasti áfangastaður ferðamanna er einmitt „Brú milli heimsálfa“. Þar við bætist svo fallegt hraunið, bergmyndun og jarðhitinn, svo ekki sé minnst á vinsælasta ferðamannastað landsins; Bláa lónið. Það eru því margar ástæður fyrir því að fólk velur sér framtíðarbúsetu á Reykjanesi. Ekki bara næg atvinna heldur einnig fallegt umhverfi og góð þjónusta.

Vegna reynslu Suðurnesjamanna af samneyti við fólk af erlendu bergi brotið, m.a. vegna áratugareynslu af þjónustu við erlenda flugfarþega og samskipti við varnarliðsmenn og fjölskyldur þeirra í áratugi, hefur útlendingum og heimamönnum gengið vel að vinna saman. Það kemur sér vel því nú er fjórðungur íbúa af erlendu bergi brotinn, fyrst og fremst hörkuduglegt fólk frá Póllandi, sem hingað er komið til að vinna. Fyrir vikið er spennandi fjölmenningarlegt yfirbragð yfir Suðurnesjum og yfir 30 tungumál töluð í leik- og grunnskólum Reykjanesbæjar.

Ef Gunnar Birgisson væri héðan er ég viss um að hann segði; „Það er gott að búa í Reykjanesbæ.“

> **Það eru því margar ástæður fyrir því að fólk velur sér framtíðarbúsetu á Reykjanesi. Ekki bara næg atvinna heldur einnig fallegt umhverfi og góð þjónusta.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Baráttan heldur áfram

Í DAG

Þorvaldur Gylfason

Atlanta – Baráttunni fyrir óskoruðum mannréttindum og jafnræði er hvergi nærri lokið, ekki heldur á Íslandi, þótt margt hafi áunnizt í tímans rás.

Bandaríkin vitna um vandann. Landið byggðist m.a. í krafti þrælahalds sem var þá alsiða. Það kostaði borgarastyrjöld 1861-1865 og 600 þúsund mannslíf að binda enda á þrælahaldið. Styrinn stóð þó ekki aðeins um þrælahald heldur einnig um hvar draga bæri mörkin milli fullveldis einstakra ríkja og alríkisstjórnarinnar. Þrælahald var mikilvæg orsök ófriðarins. Plantekrueigendur í suðurríkjunum töldu sig þurfa á þrælum að halda þótt þrælabúskapur mætti æ harðari andstöðu af hálfu norðurríkjanna. Þeir vildu því fá að ráða sér sjálfir frekar en að beygja sig undir yfirvofandi bann ríkjasambandsins gegn þrælahaldi.

**Afnám í áföngum**

Atburðarásin var hæg. Stiklum á stóru. Danir og Norðmenn hættu að verzla með þræla 1803. Haítí tók sér sjálfstæði og aflagði þrælahald 1804, Prússar 1807. Bretar afnámu millilandaverzlun með þræla 1807 og Bandaríkjamenn 1808, en þrælahald hélt þó áfram. Vínarfundurinn 1815 lýsti sig andvígan þrælahaldi. Frakkar bönnuðu þrælaverzlun 1818. Grikkir tóku sér sjálfstæði og afnámu þrælahald 1822. Brasilía bannaði verzlun með þræla 1831 en banninu var ekki framfylgt. Bretar afnámu þrælahald 1833 og það gerðu síðan Danir 1848 í nýlendu sinni í Vestur-Indíum þar sem nú eru Bandarísku Jómfrúaeyjar. Argentína aflagði þrælahald 1853 og Rússland 1861.

Það ár, 1861, tók Abraham Lincoln frá Illinois, eindreginn andstæðingur þrælahalds, við embætti forseta Bandaríkjanna. Bjuggust þá suðurríkin til að segja sig úr lögum við norðurríkin til að halda rétti sínum til þrælahalds. Borgarastríð skall á. Því lauk með sigri norðurríkjanna 1865 og var þrælahald þá bannað með breytingu á stjórnarskrá. Málið snerist ekki bara um að stöðva þrælahald í suðurríkjunum heldur einnig um að girða fyrir útbreiðslu þrælahalds til vesturríkjanna sem fór fjölgandi. Hefði þrælahald borizt þangað líka hefðu norðurríkin getað misst undirtökin á alríkisstjórninni í hendur þrælaríkja. Það mátti ekki verða.

Búlgaría tók sér sjálfstæði 1879 og afnam þrælahald. Brasilía afnam þrælahald 1888 og Sádi-Arabía 1962. Máritanía afnam þrælahald 2007 (þetta er ekki prentvilla) og hafði þrælahald þá loksins verið bannað með lögum í öllum löndum heims. Mansal tíðkast þó enn allvíða utan laga.

**Við munum sigra**

Eftir lok borgarastríðsins 1865 voru blökkumenn myrtir áfram í þúsundatali án dóms og laga, einkum í suðurríkjunum, eins og lýst er í nýju safni sem var opnað í vor leið í Montgomery í Alabama. Fjórum árum áður, 2014, var opnað í Atlanta í Georgíu, fæðingarborg blökkuleiðtogans Martins Luthers King, safn þar sem baráttusaga bandarískra blökkumanna er rakin í samhengi við þróun mannréttinda og þrálæti mannréttindabrota á heimsvísu.

King var einn merkasti maður og mesti ræðuskörungur sinnar tíðar. Hann var Lyndon Johnson Bandaríkjaforseta innan handar þegar Johnson réðst í að ljúka loksins verkinu sem Abraham Lincoln hafði hafið 100 árum fyrr og reyna að tryggja svörtum að lögum sama rétt og hvítum. Johnson kom málinu í gegnum þingið í tveim áföngum gegn harðri andstöðu eigin flokksmanna í suðurríkjunum, fyrst með samþykkt almennrar réttindalöggjafar 1964 og síðan með samþykkt löggjafar sem var ætlað að tryggja blökkumönnum kosningarrétt til jafns við hvíta 1965. Í millitíðinni höfðu rasistar gengið fram með þvílíku offorsi gegn blökkumönnum að Johnson forseti sá sig knúinn til að taka upp orðfæri Kings í einni áhrifaríkustu ræðu („Við munum sigra“) sem nokkur forseti landsins hefur haldið.

**Hatur, reiði og rasismi**

Þessi nýju söfn í suðurríkjum Bandaríkjanna eru hliðstæð aðskilnaðarsafninu sem var opnað 2001 í Soweto í Jóhannesarborg í Suður-Afríku til að forða ranglætinu sem suður-afrískir blökkumenn voru beittir frá því að falla í gleymsku. Þessi söfn og önnur slík eru þörf áminning um að blökkumenn njóta ekki enn óskertra mannréttinda í Bandaríkjunum. Þessi söfn eru liður í áframhaldandi baráttu blökkumanna og annarra gegn þrálátu misrétti. Áttundi hver Bandaríkjamaður er svartur, en þriðji hver fangi í landinu er svartur. Enn ber á hatri, reiði og rasisma fyrri tíðar í Bandaríkjunum eins og Barack Obama fv. forseti landsins lýsti í ræðu fyrir skömmu og fékk sjálfur að kenna á. Hatursglæpum í Bandaríkjunum fjölgaði um sjöttung frá 2016 til 2017. Helmingur slíkra glæpa beinist gegn blökkumönnum sem telja þó aðeins 13% af íbúum landsins. Trump forseti kyndir undir fordómum gegn blökkumönnum og innflytjendum.




# Dauðaslys eru ekki náttúrulögmál



**Þórólfur Árnason**
forstjóri Samgöngustofu

Þau merku tíðindi urðu um áramótin að tvö ár höfðu liðið án banaslyss á íslenskum skipum. Líklega er þetta í fyrsta skipti frá upphafi Íslandsbyggðar sem ekkert banaslys á sjó verður tvö ár í röð. Árin 2008, 2011 og 2014 liðu einnig án banaslysa á sjó. Á alþjóðavísu teljast fiskveiðar þó enn ein hættulegasta starfsgreinin í heiminum. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessari ógn því langt fram eftir síðustu öld létu árlega tugir íslenskra sjómanna lífið í sjóslysum á Íslandi. Í því ljósi er árangurinn nú mikið fagnaðarefni og fyrir siglinga- og fiskveiðiþjóð eins og Íslendinga er hann jafnframt einstakur á heimsvísu.

**Já, en hvernig?**

Fjölmargar og samverkandi ástæður liggja að baki þessum góða árangri. Almenn viðhorfsbreyting hefur orðið í átt til bættrar öryggismenningar við sjósókn. Skylt er að lögskrá alla sjómenn á báta og skip sem gerð eru út í atvinnuskyni. Skilyrði fyrir lögskráningu eru að skipið hafi gilt haffærisskírteini. Að baki útgáfu þess liggur reglulegt skipaeftirlit og skoðanir á öryggisbúnaði auk þess sem skipið skal vera fullmannað.



Allir í áhöfn þurfa að hafa lokið öryggisnámskeiði hjá Slysavarnaskóla sjómanna og þurfa að endurnýja þjálfun sína á fimm ára fresti. Skólinn er mikilvægur liður í því að skapa og viðhalda öryggismenningu í hópi íslenskra sjómanna. Skipstjórnar- og vélstjórnarmenn þurfa að hafa gild atvinnuskírteini sem krefjast sérstakrar fagmenntunar. Sífellt fleiri útgerðir nota aðferðir öryggisstjórnunar með því að meta mögulegar hættur og undirbúa viðbrögð við þeim.

**Samvinna margra**

Ísland tekur mikinn þátt í samstarfi þjóða um siglingaöryggi. Í tengslum við þetta samstarf hafa íslensk stjórnvöld m.a. lögfest og innleitt alþjóðlegar kröfur um öryggi fiskiskipa sem er grunnur að eftirliti með smíði, búnaði og ástandi skipa og báta. Á síðasta áratug síðustu aldar var ráðist í sérstakt átak til að auka stöðugleika íslenskra skipa í kjölfar tíðra slysa á árunum þar á undan. Betri fjarskipti og nákvæmari upplýsingar um veður og sjólag stuðla að auknu öryggi og breytt fiskveiðistjórnun hefur dregið úr þrýstingi um að sigla í tvísýnum aðstæðum. Stórbætt aðstaða við leit og björgun á sjó hefur bjargað mörgum mannslífum. Skráning og greining slysa og atvika á sjó nýtist til að koma í veg fyrir sambærileg atvik. Um árabil hefur verið unnið eftir áætlun um öryggi sjófarenda sem felur m.a. í sér stefnumörkun á sviði siglingaöryggis, öryggisstjórnunar, skráningar og greiningar. Áætlunin er unnin í samvinnu við helstu hagaðila og er markmið hennar að treysta og auka öryggi íslenskra skipa og fækka slysum á sjó.

Engin banaslys á sjó eru þannig ekki tilviljun heldur skýr árangur samvinnu margra aðila. Smátt og smátt hefur orðið til sameiginleg sýn um að dauðaslys séu ekki eðlilegur fórnarkostnaður sjósóknar, heldur að með réttum aðferðum megi koma í veg fyrir þau.

Engin banaslys á sjó eru þannig ekki tilviljun heldur skýr árangur samvinnu margra aðila. Smátt og smátt hefur orðið til sameiginleg sýn um að dauðaslys séu ekki eðlilegur fórnarkostnaður sjósóknar, heldur að með réttum aðferðum megi koma í veg fyrir þau.

**Sýn um engin banaslys í samgöngum**

Það eru mikil forréttindi að starfa í þágu öryggis allra samgöngugreina og leggja með því lóð á vogarskálar þeirrar baráttu að koma í veg fyrir slys og mannskaða. Áríðandi er að muna að árangur um engin banaslys á sjó kom ekki af sjálfu sér og honum þarf að halda við.

Árangurinn sýnir okkur einnig að banaslys í samgöngum yfirhöfuð eru ekki náttúrulögmál. Skýr sýn og markmið um að engin manneskja láti lífið á sjó, í flugi eða umferð eru mikilvæg forsenda. Fjölbreyttar aðgerðir með fræðslu og forvörnum til að auka öryggi með breyttum viðhorfum og betri hegðun hafa skilað ávinningi og geta nýst okkur áfram og enn betur í öllum samgöngugreinum.

# Stafrænt framhaldslíf íslenskunnar



**Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir**
framkvæmdastjóri Almannaróms

Tölvutækni hefur nú þegar mikil áhrif á daglegt líf okkar og mun sú þróun verða hraðari og áhrifin meiri í fyrirsjáanlegri framtíð. Það að eiga í samskiptum við fólk og fyrirtæki í gegnum tölvur og snjalltæki ýmiss konar er samofið daglegu lífi, og fjöldi þeirra tækja sem við getum gefið raddskipanir og stýrt þannig eykst stöðugt, enda er talað mál eðlilegasti samskiptamáti mannsins.

Undanfarin ár hafa framfarir í gervigreind og auknir möguleikar í notkun stórra gagnasafna síðan aukið möguleika fólks til að nýta talað mál í samskiptum við tölvur og tæki gríðarlega, svo mikið að lyklaborð, mýs og snertiskjáir gætu fljótlega orðið algerlega óþörf í samskiptum við og í gegnum tölvur, snjalltæki og síma.

Máltækni felur í sér alla þá tækni sem gerir hugbúnaði kleift að fást við tungumál. Innan máltækninnar eru ólík sérsvið sem krefjast fjölbreyttrar sérþekkingar en meðal þeirra fræðigreina sem nýtast innan máltækni eru tölvunarfræði, málvísindi, verkfræði, stærðfræði, heimspeki og tölfræði. Hefðbundin máltæknimenntun felur þó fyrst og fremst í sér að þar er tvinnað saman málvísindum og tölvunarfræði.

**Mun helmingur tungumála verða útdauður 2100?**

Hraði framfaranna er svo mikill að erfitt er að spá fyrir um hvert þessi þróun leiðir okkur og hvernig sú vegferð verður. Þó er öruggt að framtíð tölvunotkunar er samofin máltækni. Verkefnið sem við stöndum frammi fyrir kjarnast hins vegar í þeirri staðreynd að tölvur og snjalltæki skilja ekki öll heimsins tungumál og hafa Íslendingar því þurft að nota ensku að mestu í þessum samskiptum. Íslenskunni stafar hætta af þessari þróun og verði ekkert að gert mun tungumálið okkar deyja stafrænum dauða. Í dag eru 6.800 tungumál töluð í heiminum, og því er jafnframt spáð að helmingur þeirra verði útdauður um næstu aldamót.

Það sem ekki er notað glatast. Almannarómur – Miðstöð um máltækni, ber ábyrgð á því að tryggja að íslenskan verði gjaldgeng í samskiptum sem byggja á tölvu- og fjarskiptatækni. Í fyrsta hluta áætlunarinnar er megináhersla lögð á þróun opinna innviða sem skiptast í nokkur kjarnaverkefni. Fjögur þeirra hafa það markmið að þróa málföng (e. language resources, hvers kyns auðlindir í máltækni og málvinnslu, svo sem gögn, gagnasöfn og hugbúnað) og aðra innviði fyrir talgreiningu, talgervil, vélrænar þýðingar og ritvilluleiðréttingar eða málrýni. Í fimmta forgangsverkefninu er unnið að þróun almennra málheilda, orðfræðigögn búin til og nauðsynleg stoðtól þróuð. Við munum jafnframt leggja mikla áherslu á nýsköpun í máltækni og hvatningu til nýsköpunarfyrirtækja að láta sig málið varða. Í þriðja lagi leggjum við áherslu á að byggja upp samband við þau tæknifyrirtæki sem nú þegar þróa og smíða tækin og hugbúnaðinn sem við getum talað við, enda þurfum við að tryggja að allar þær góðu lausnir sem verða smíðaðar fyrir íslenskt mál verði nothæfar og þar af leiðandi notaðar í tækjunum sem fólk er líklegast til að kaupa.

Íslenskan er flókið tungumál, en tækniumhverfið er sterkt og rannsóknarsamfélagið er öflugt. Þær lausnir sem íslensk hugvitsfyrirtæki í máltækni munu þróa geta því haft mun stærri skírskotun, í önnur og stærri málsvæði, og því ekki aðeins tryggt stafrænt framhaldslíf íslenskunnar, heldur einnig tryggt varðveislu þess menningarlega og samfélagslega auðs sem felst í öllum 6.800 tungumálum heimsins.

# Mannréttindi Kúrda og íbúa Níkaragva



**Ari Trausti Guðmundsson**
þingmaður Vinstri grænna

Á síðastliðnu ári var Ísland kjörið í Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna. Mannréttindamál hafa verið einn af hornsteinum utanríkisstefnu landsins. Vafalaust er eindreginn stuðningur meðal landsmanna við þá áherslu og um leið þverpólitísk samstaða um hana á Alþingi.

**Fríverslun?**

Mannréttindi ber nokkuð oft á góma í þinginu, m.a. vegna afgreiðslu á tillögum um fríverslunarsamninga við ríki, til dæmis Kína og Filippseyjar, og nú stendur til að endurnýja slíkan samning við Tyrkland. Skiptar skoðanir eru á því hvernig slíkir samningar ríma við mannréttindabrot í löndum þar sem stjórnvöld verða uppvís að margvíslegum rangindum í garð almennings eða minnihlutahópa. Iðulega er til þess vísað að samningaviðræðum og samningunum sjálfum fylgi umræður og ákvæði um mannréttindi og ástandið í löndunum. Minna fer fyrir úttektum á því hvort áhrifin eru tilætluð.

Mannréttindalandið Ísland þarf nú að taka af skarið og taka undir gagnrýni á mannréttindabrot stjórnar Sandínista og Daníels Ortega.

**Kúrdar eiga í vök að verjast**

Í Tyrklandi hafa Kúrdar mátt sæta mannréttindabrotum áratugum saman. Þau hafa enn versnað með tilkomu stefnu Erdogans og hans flokks; skipulagðar hafa verið atlögur að búsetuskilyrðum í byggðum Kúrda, margt manna fangelsað og áhrifafólk hrakið úr landi. Það gerist í aðildarlandi NATO og hefur Erdogan skákað í skjóli sem áhugi Rússa á víðtæku samstarfi við tyrknesk stjórnvöld og samhernaði í Sýrlandi myndar. Innrás Tyrkja í Sýrland bitnar harðlega á Kúrdum í landinu og einnig þar hefur tyrkneski herinn farið fram af hörku gegn almenningi. Engin ástæða er til að fela þessar staðreyndir sem kúrdískir gestir hingað til lands báru nýverið fram og eru líka staðfestar í alþjóðasamfélaginu. Kúrdar búa í fimm þjóðríkjum, flestir í Tyrklandi, Írak og Íran, færri í Sýrlandi og Armeníu, og vilja eðlilega sjálfstjórn og friðsamlega sambúð við aðrar þjóðir innan allra landanna. Þeir eru næst takmarki sínu í Norður-Írak.

Íslandi, með sínar áherslur á mannréttindi, ber að aðstoða Kúrda við að ná sama takmarki og er ofarlega í hugum annarra þjóða.

**Almenningur í Níkaragva þjáist**

Í Níkaragva, landi sem íslensk stjórnvöld og sérfræðingar hafa aðstoðað, eru alvarleg mannréttindabrot framin á hverjum degi. Friðsöm mótmæli almennings gegn félagslegum áherslum stjórnvalda hófust í apríl 2018. Viðbrögðin hafa verið harkaleg og þau stigmagnast; hundruð manna hafa látist, nær allt almennir borgarar, mörg hundruð horfið með öllu eða verið fangelsuð og tugir þúsunda hafa flúið land. Mannréttindaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna sendi frá sér skýrslu um ástandið í landinu, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur flutt fréttir af flóttamannastraumnum. Amnesty International hefur gefið út tvær skýrslur um ástandið og Samtök Ameríkuríkja, OAS, hafa gefið út eina skýrslu. Fjórtán lönd, þar á meðal öll Norðurlöndin, Bretland og Bandaríkin (!), standa að sameiginlegri yfirlýsingu um stöðuna, sem kristallast í aðförum að frjálsum félagasamtökum í landinu (sjá: https://www.state.gov/r/pa/prs/ps/2018/12/288257.htm).

Mannréttindalandið Ísland þarf nú að taka af skarið og taka undir gagnrýni á mannréttindabrot stjórnar Sandínista og Daníels Ortega.



Útsala
Skíða- og útivistarfatnaður
30-80%
Gönguskíðafatnaður
30%
Svefnpokar
30%
Gönguskór
30-50%
Bakpokar
30%
Snjóflóða- og klifurbúnaður
30%
HEAD
FISCHER
MAMMUT
Absolute alpine.
hanwag
OUTDOOR FOOTWEAR
SINCE 1921
odlo
swix
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

GERDEN HANDBALL'19

## HM Í HANDBOLTA 2019

# Fimm íslenskir þjálfarar á HM

**Fimm af 24 þátttökuliðum á HM í handbolta 2019 eru með íslenska þjálfara. Þetta er þriðja heimsmeistaramótið í röð þar sem Ísland er með að minnsta kosti fjóra þjálfara. Spánn er eina þjóðin sem á fleiri þjálfara á HM að þessu sinni, eða sjö.**

**HANDBOLTI** Íslenskir þjálfarar eru eftirsóttir starfskraftar í handboltaheiminum enda talar árangurinn sínu máli. Skemmst er að minnast ársins 2016 þegar Dagur Sigurðsson gerði Þjóðverja að Evrópumeisturum og Guðmundur Guðmundsson Dani að Ólympíumeisturum. Í fyrra stýrði Kristján Andrésson svo Svíum til silfurverðlauna á EM í Króatíu.

Dagur, Guðmundur og Kristján eru mættir á HM í Danmörku og Þýskalandi sem hefst í dag, auk tveggja annarra íslenskra þjálfara. Ísland átti fjóra þjálfara á HM 2015 og 2017 en nú eru þeir fimm talsins. Aðeins Spánn á fleiri þjálfara á HM 2019, eða sjö. Þrír íslensku þjálfaranna (Guðmundur, Dagur og Aron Kristjánsson) eru saman í B-riðli.

### Átta HM hjá Guðmundi

Guðmundur er á leið á sitt fimmta heimsmeistaramót sem þjálfari, þar af þriðja með Ísland. Hann fór einnig tvisvar sem leikmaður á HM (1986 og 1990) og einu sinni sem aðstoðarþjálfari Alfreðs Gíslasonar með íslenska liðið (2007). Guðmundur stýrði Íslandi fyrst á HM í Portúgal 2003. Þar varð niðurstaðan 7. sæti sem tryggði Íslendingum sæti á Ólympíuleikunum í Aþenu ári seinna.

Guðmundur tók öðru sinni við íslenska liðinu 2008 og stýrði því á HM í Svíþjóð 2011. Þar unnu Íslendingar alla fimm leiki sína í riðlakeppninni með samtals 38 marka mun. Fjórir síðustu leikirnir töpuðust hins vegar og niðurstaðan var 6. sætið. Það er næstbesti árangur Íslands á heimsmeistaramóti, á eftir 5. sætinu á HM í Japan 1997.

Guðmundur stýrði svo danska landsliðinu á tveimur heimsmeistaramótum. Í Katar 2015 enduðu Danir í 6. sæti og í því 10. í Frakklandi tveimur árum síðar. Danir töpuðu aðeins tveimur leikjum á HM undir stjórn Guðmundar. Hann hefur alls stýrt liðum í 29 leikjum á HM. Nítján hafa unnist, tveir endað með jafntefli og átta tapast. Guðmundur hefur alls stýrt liðum í 88 leikjum á stórmótum á ferlinum.

Dagur er núna landsliðsþjálfari Japans og Aron Kristjánsson þjálfar Barein en hann tók við bareinska liðinu af Guðmundi. Þeir eru báðir á leið á sitt þriðja heimsmeistaramót sem þjálfarar. Dagur var með þýska landsliðið á HM 2015 og 2017 og Aron með það íslenska á HM 2013 og 2015.

### Góður möguleiki á milliriðli

Patrekur Jóhannesson er á sínu öðru heimsmeistaramóti sem þjálfari Austurríkis. Í Katar 2015 enduðu Austurríkismenn í 13. sæti en þeir töpuðu fyrir fjölþjóðaliði heimamanna í 16-liða úrslitum.

Á HM í ár er Austurríki í riðli með Danmörku, Noregi, Túnis, Síle og Sádi-Arabíu á HM 2019. Möguleikinn á að komast í milliriðil er því svo sannarlega fyrir hendi hjá Patreki og strákunum hans.

Kristján Andrésson er svo á leið á sitt þriðja stórmót með sænska landsliðið. Svíar enduðu í 6. sæti á HM 2017 og komust svo alla leið í úrslitaleik EM 2018 þar sem sænska liðið tapaði fyrir því spænska. Kristján, sem er yngstur íslensku þjálfaranna á HM 2019, þykir hafa staðið sig einkar vel í starfi landsliðsþjálfara Svíþjóðar. Leið hans lá snemma í þjálfun en hann þurfti ungur að leggja skóna á hilluna vegna erfiðra hnémeiðsla.

Guðmundur er elstur íslensku þjálfaranna á HM en hann fagnaði 58 ára afmæli sínu á Þorláksmessu. Guðmundur hefur verið lengi að og þjálfaði alla hina íslensku þjálfarana á stórmótum á sínum tíma. Dagur var til að mynda fyrirliði Íslands á fjórum fyrstu stórmótum Guðmundar sem landsliðsþjálfara Íslands.

Íslenskir þjálfarar hafa mæst sjö sinnum innbyrðis á stórmótum. Ljóst er að þeim leikjum fjölgar allavega í tíu á HM 2019. Svo er líklegt að Austurríki og Svíþjóð mætist í milliriðli 2. **ingvithor@frettabladid.is**

### Þjóðir með flesta þjálfara á síðustu stórmótum

| HM 2019 | | EM 2018 | | HM 2017 | | ÓL 2016 | | EM 2016 | | HM 2015 | | EM 2014 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Spánn | 7 | **Ísland** | **3** | Spánn | 5 | Spánn | 3 | **Ísland** | **3** | **Ísland** | **4** | **Ísland** | **2** |
| **Ísland** | **5** | Serbía | 2 | **Ísland** | **4** | **Ísland** | **2** | Króatía | 2 | Króatía | 3 | Króatía | 2 |
| | | Svartfjallal. | 2 | Króatía | 3 | | | Serbía | 2 | Spánn | 3 | Svíþjóð | 2 |
| | | Spánn | 2 | | | | | Spánn | 2 | | | | |

### Spænsku þjálfararnir á HM

| Manolo Cadenas | David Davis | Mateo Garralda | Toni Gerona | Raúl González | Jordi Ribera | Valero Rivera |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Argentína | Egyptaland | Síle | Túnis | Makedónía | Spánn | Katar |

### Íslensku þjálfararnir á HM



**Guðmundur Guðmundsson**
**Aldur:** 58 ára **Þjálfar:** Ísland

**14. stórmótið sem þjálfari**

| | | |
|---|---|---|
| Ísl | EM 2002 | 4. sæti |
| Ísl | HM 2003 | 7. sæti |
| Ísl | EM 2004 | 13. sæti |
| Ísl | ÓL 2004 | 9. sæti |
| **Ísl** | **ÓL 2008** | **2. sæti** |
| **Ísl** | **EM 2010** | **3. sæti** |
| Ísl | HM 2011 | 6. sæti |
| Ísl | EM 2012 | 10. sæti |
| Ísl | ÓL 2012 | 5. sæti |
| Dan | HM 2015 | 5. sæti |
| Dan | EM 2016 | 6. sæti |
| **Dan** | **ÓL 2016** | **1. sæti** |
| Dan | HM 2017 | 10. sæti |

| | | S | J | T |
|---|---|---|---|---|
| Leikir alls: | **88** | 50 | 12 | 26 |
| Leikir á HM: | **29** | 19 | 2 | 8 |



**Dagur Sigurðsson**
**Aldur:** 45 ára **Þjálfar:** Japan

**6. stórmótið sem þjálfari**

| | | |
|---|---|---|
| Aus | EM 2010 | 9. sæti |
| Þýs | HM 2015 | 7. sæti |
| **Þýs** | **EM 2016** | **1. sæti** |
| **Þýs** | **ÓL 2016** | **3. sæti** |
| Þýs | HM 2017 | 9. sæti |

| | | S | J | T |
|---|---|---|---|---|
| Leikir alls: | **37** | 26 | 2 | 9 |
| Leikir á HM: | **14** | 11 | 1 | 3 |



**Kristján Andrésson**
**Aldur:** 37 ára **Þjálfar:** Svíþjóð

**3. stórmótið sem þjálfari**

| | | |
|---|---|---|
| Sví | HM 2017 | 6. sæti |
| **Sví** | **EM 2018** | **2. sæti** |

| | | S | J | T |
|---|---|---|---|---|
| Leikir alls: | **15** | 9 | 0 | 6 |
| Leikir á HM: | **7** | 5 | 0 | 2 |



**Aron Kristjánsson**
**Aldur:** 46 ára **Þjálfar:** Barein

**5. stórmótið sem þjálfari**

| | | |
|---|---|---|
| Ísl | HM 2013 | 12. sæti |
| Ísl | EM 2014 | 5. sæti |
| Ísl | HM 2015 | 11. sæti |
| Ísl | EM 2016 | 13. sæti |

| | | S | J | T |
|---|---|---|---|---|
| Leikir alls: | **22** | 10 | 2 | 10 |
| Leikir á HM: | **12** | 5 | 1 | 6 |



**Patrekur Jóhannesson**
**Aldur:** 46 ára **Þjálfar:** Austurríki

**4. stórmótið sem þjálfari**

| | | |
|---|---|---|
| Aus | EM 2014 | 11. sæti |
| Aus | HM 2015 | 13. sæti |
| Aus | EM 2018 | 15. dæti |

| | | S | J | T |
|---|---|---|---|---|
| Leikir alls: | **15** | 4 | 1 | 10 |
| Leikir á HM: | **6** | 2 | 1 | 3 |

**12**

**af 24 þjálfurum á HM 2019 koma frá Spáni og Íslandi. Engin önnur þjóð á fleiri en einn þjálfara á mótinu.**

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna**

**Haukar - KR 70-80**

**Stigahæstar: Haukar:** LeLe Hardy 30, Klaziena Guijt 14, Þóra Kristín Jónsdóttir 14, Magdalena Gísladóttir 6. **KR:** Kiana Johnson 35, Orla O'Reilly 26, Vilma Kesanen 8, Unnur Tara Jónsdóttir 6, Perla Jóhannesdóttir 5.

**Valur - Skallagrímur 83-43**

**Stigahæstar: Valur:** Heather Butler 16, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 14, Ásta Júlía Grímsdóttir 12, Helena Sverrisdóttir 11, Hallveig Jónsdóttir 8. **Skallagrímur:** Brianna Banks 16, Shequila Joseph 10, Maja Michalska 9, Þórunn Birta Þórðardóttir 6.

**Breiðablik - Snæfell 72-82**

**Stigahæstar: Breiðablik:** Sanja Orazovic 27, Sóllilja Bjarnadóttir 15, Telma Lind Ásgeirsdóttir 11, Björk Gunnarsdóttir 8, Kelly Faris 7. **Snæfell:** Kristen Denise McCarthy 29, Gunnhildur Gunnarsdóttir 22, Angelika Kowalska 14, Katarina Matijevic 7, Berglind Gunnarsdóttir 4.

**Keflavík - Stjarnan 68-59**

**Stigahæstar: Keflavík:** Brittany Dinkins 34, Bryndís Guðmundsdóttir 10, Irena Sól Jónsdóttir 9, Erna Hákonardóttir 6, Birna Valgerður Benónýsdóttir 4. **Stjarnan:** Danielle Victoria Rodriguez 15, Ragnheiður Benónísdóttir 13, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 9.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| KR | 24 | Stjarnan | 16 |
| Keflavík | 22 | Skallagrímur | 8 |
| Snæfell | 22 | Haukar | 8 |
| Valur | 18 | Breiðablik | 2 |

**Enski deildabikarinn**

**Man. City - Burton 9-0**

1-0 Kevin De Bruyne (5.), 2-0 Gabriel Jesus (30.), 3-0 Gabriel Jesus (34.), 4-0 Olexandr Zinchenko (37.), 5-0 Gabriel Jesus (57.), 6-0 Phil Foden (62.), 7-0 Gabriel Jesus (65.), 8-0 Kyle Walker (80.), 9-0 Riyad Mahrez (83.).

## Tímabilið hefst hjá Valdísi Þóru

**GOLF** Nýtt tímabil hefst hjá atvinnukylfingnum Valdísi Þóru Jónsdóttur úr GL í dag þegar hún hefur keppni á Fatima Bink Mubarak mótinu. Þetta er fyrsta mót tímabilsins í Evrópumótaröðinni, næststerkustu mótaröð heims, sem Valdís Þóra hefur leikið á undanfarin ár og fer mótið fram í Abú Dabí í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

Á mótinu leika kylfingar með áhugakylfingum frá svæðinu og hefur Valdís Þóra leik klukkan 8.42 að morgni til að íslenskum tíma. Er þetta í annað skiptið sem Valdís tekur þátt í þessu móti en henni tókst ekki að komast í gegnum niðurskurðinn árið 2017.

Hnökrar voru á undirbúningi Valdísar fyrir mótið þar sem kylfurnar skiluðu sér ekki með henni í fyrstu frá London. Eftir nokkurra daga bið komust þær á leiðarenda og náði hún að æfa síðustu dagana fyrir mót. **– kpt**



**Valdís Þóra Jónsdóttir hefur leik á Evrópumótaröðinni í dag.**

# PIER

*Við hækkum afsláttinn!*

# 40-70%

AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

## ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

# 20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÖÐRUM VÖRUM

## ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA



**SMÁRATORG**
MÁN-FÖS: 11-18.30
LAU: 10-18
SUN: 12-18

**KORPUTORG**
MÁN-FÖS: 11-18.30
LAU: 12-18
SUN: 12-18

**SELFOSS**
MÁN-FÖS: 11-18.30
LAU: 10-18
SUN: 12-18

PIER
**www.pier.is**

## Merkisatburðir



**1929 Ævintýri Tinna**, eftir Hergé, koma út í fyrsta sinn.

**1944** Mannbjörg verður þegar Laxfoss strandar út af Örfirisey í blindbyl.

**1957** Harold Macmillan verður forsætisráðherra Bretlands.

**1984** Stjórnmálasambandi er komið á milli Bandaríkjanna og Vatíkansins.

**1994** Þyrlusveit Varnarliðsins bjargar sex skipverjum af Goðanum í fárviðri í Vöðlavík milli Reyðarfjarðar og Norðfjarðar. Einn maður ferst.

**1998** Mesti 10 mínútna vindhraði mældist við Esju, 62,5 metrar á sekúndu.

**1999** Sjónvarpsþáttaröðin Soprano-fjölskyldan hefur göngu sína á HBO.

**2017** Ráðuneyti Bjarna Benediktssonar tekur við völdum. Stjórnin er mynduð af Sjálfstæðisflokki, Viðreisn og Bjartri framtíð með minnsta mögulega meirihluta.

# Kennarinn jafngamall elsta barnabarninu

**Íslendingar gerðu það gott í Champions of Tomorrow danskeppninni í Blackpool á Englandi nýlega. Þeirra á meðal Fanney Gísladóttir og Daði Freyr Guðjónsson sem komust í undanúrslit bæði í samkvæmisdönsum og suðuramerískum, í flokknum nemandi og kennari.**

Daði Freyr Guðjónsson og Fanney Gísladóttir eru fyrsta dansparið frá Íslandi til að keppa erlendis í flokknum kennari/nemandi. Það gerðu þau um síðustu helgi í Blacpool og skutu mörgum ref fyrir rass. „Við dönsuðum undanúrslit bæði í suðuramerískum og samkvæmisdönsum og enduðum í 9. sæti í suðuramerískum af 23 skráðum pörum og 12. sæti af 25 í hinum. Ég er mjög sátt við það,“ segir Fanney, sem starfar sem leiðbeinandi í postulínsmálun og segir öll námskeið fullsetin frá byrjun september til loka maí. „Dansinn er mín líkamsrækt, góð hreyfing og voða skemmtileg. Það var draumur hjá mér að dansa í Blackpool í þessum dásamlega fallega sal.“

Hún hlær þegar haft er orð á að dálítill aldursmunur sé á henni og kennaranum. „Já, hann er jafngamall elsta barnabarni mínu. Ég verð 66 ára núna í apríl. Ég er í tímum hjá Daða í Dansskólanum Hvönn. Hann er náttúrlega einstaklega góður kennari og mikill fagmaður. Við kepptum í enskum vals, tangó og quickstep, cha cha, rúmbu og djæf, þessum hefðbundnu dönsum, og það giltu sömu reglur og sömu kröfur til dómara og í öðrum alþjóðlegum danskeppnum.

Fanney kveðst hafa tekið fyrstu dansskólasporin hjá Hermanni Ragnari fyrir lifandis löngu og verið í dansi í Keflavík einn vetur sem krakki. „Við hjónin vorum svo í Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar frá 2005 til 2011. Síðan byrjaði ég aftur að dansa 2016 og þá við Edgar K. Gapunay og fór með honum í keppni sem upp á íslensku hét „Fagmaður dansar við leikmann“ í París 2016 og aftur í desember 2017. Svo hef ég ekkert dansað fyrr en núna fyrir þremur mánuðum þegar ég fór með að æfa með Daða fyrir þessa keppni.“

Fanney kveðst eiga tvo ömmustráka sem séu miklir dansarar, Axel Kvaran og Fannar Kvaran. „Þeir hafa báðir orðið Íslandsmeistarar svo lífið snýst dálítið um dans í fjölskyldunni, Fannar er 14 ára og var að keppa í Blackpool degi á eftir mér. Axel er í Úkraínu og er kominn mjög langt í greininni. Ég hef alltaf sagt að þeir séu með dansgenin frá ömmu sinni. Ég var fyrsta dansdaman þeirra, kenndi þeim fyrstu sporin en það er ekkert sem ég get kennt þeim núna. Við hjónin fylgjumst ekki að í dansskólann lengur. En ef við erum einhvers staðar þar sem hægt er að dansa þá gerum við það og höfum gaman af.“ **gun@frettabladid.is**



**Fanney segir Daða Frey einstaklega góðan kennara og mikinn fagmann.**



†

Ástkær faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**Jón K. Sigursteinsson**

andaðist 29. desember. Útförin fer fram frá Innra-Hólmskirkju föstudaginn 11. janúar klukkan 13.

**Leifur Birgir Jónsson**
**Ægir Sigurbjörn Jónsson**
**Helga Betty Jónsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



†

Elskulegur sonur okkar og bróðir,

**Óttar Arnarson**
Víðihlíð 29, Reykjavík,

sem lést á LSH Fossvogi þann 3. janúar síðastliðinn, verður jarðsunginn í Háteigskirkju þann 16. janúar kl. 15.00. Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki LSH Fossvogi fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Örn Logason** **Sigríður Birna Kristinsdóttir**
**Birkir Arnarson og Hekla Arnardóttir**



†

Útför elsku hjartans eiginkonu minnar, dóttur, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**Sólveigar Katrínar Ólafsdóttur**
Blásölum 7, Kópavogi,

fer fram á morgun, föstudaginn 11. janúar, í Kópavogskirkju kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið.

**Oddbjörn Friðvinsson**
**Sigrún Jónsdóttir**
**Ólafur Oddbjörnsson** **Guðlaug Stella Jónsdóttir**
**Friðvin Logi Oddbjörnsson**
**Dagný Björk Oddbjörnsdóttir** **Albert M. S. Guðmundsson**
**og barnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðrún Sigurðardóttir**
leikskólakennari,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ aðfaranótt mánudags og verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju mánudaginn 14. janúar klukkan 13.00.

**Ásdís Gunnarsdóttir** **Halldór Þórisson**
**Anna Helga Sigfúsdóttir** **Jón Bjarni Björnsson**
**Sigríður Hulda Sigfúsdóttir** **Eiríkur Jónsson**
**og barnabörn.**



†

**Eva Örnólfsdóttir**
framhaldsskólakennari,
Lundi 92, Kópavogi,

lést á líknardeild LSH að morgni jóladags, 25. desember sl. Útför hennar verður frá Áskirkju föstudaginn 11. janúar kl. 15.

**Ragnar Jónasson**
**Jónas Ingi og Guðný**
**Sigrún og Björn Lúðvík**
**Stefa og Rúnar og barnabörn.**



ATHÖFN ÚTFARAÞJÓNUSTA - s: 551 7080 & 691 0919
athofn@athofn.is - www.athofn.is



†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Helgi Ólafsson**
hagfræðingur,
Sunnuvegi 7, Reykjavík,

lést á Landspítala Vífilsstöðum þann 6. janúar. Útför fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 15. janúar nk. kl. 13.00.

**Guðmundur Óli Helgason**
**Guðrún Lára Helgadóttir** **Christer Allanson**
**Þórólfur Örn Helgason**
**Hulda Hrönn M. Helgadóttir**
**Kjartan Orri Helgason** **Guðlaug Erla Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Okkar ástkæri

**Tryggvi Ólafsson**
listmálari

lést á Droplaugarstöðum 3. janúar. Útför hans fer fram frá Neskirkju mánudaginn 14. janúar klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Grensásdeild og SEM samtökin.

**Gerður Sigurðardóttir**
**Stígur Steinþórsson** **Sigurlaug Arnardóttir**
**Gígja Tryggvadóttir** **Ari Matthíasson**
**Þrándur Tryggvason** **Elísabet Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 10. JANÚAR 2019



Söngkonan Guðrún Árný Karlsdóttir er peysufíkill og vill ekki vera eins og allir aðrir. Hún hefur í nógu að snúast alla daga en fyrsta föstudag í hverjum mánuði er hún með píanó-partí á Kryddi í Hafnarborg, þar sem hún syngur og spilar og allir mega syngja með.

→4






Anna Claessen hefur dansað frá unga aldri og kennt bæði eldri sem yngri sporin. Hún segir að dans sé góður bæði andlega og líkamlega. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Dans er gleðisprengja

Anna Claessen er framkvæmdastjóri Dansíþróttasambands Íslands. Hún kennir zumba og jallabina í World Class og er á leið með Íslendinga til Marokkó. →2

Framhald af forsíðu ➜

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Anna hefur langan feril að baki í dansinum, tíu ár í samkvæmisdansi, 15 ár í djassballett og tískudönsum. Hún hefur kennt zumba hér á landi í fimm ár með hléum frá árinu 2010. Þá hefur hún verið að kenna dans í Vínarborg í Austurríki og Los Angeles. Hún rekur einnig Dans og kúltúr ásamt Friðriki Agna Árnasyni. Það má því með sanni segja að nóg sé að gera hjá henni.

Um þessar mundir er Anna að undirbúa stórt mót, RIG – Reykjavik International Games, (www.rig.is) sem fram fer í Laugardalshöll 27. janúar. Mótið er á vegum ÍBR og margar íþróttagreinar mæta til leiks. „Við eigum ótrúlega mörg glæsileg danspör sem hafa staðið sig frábærlega á mótum. Kristinn Þór Sigurðsson og Lilja Rún Gísladóttir urðu til dæmis í fyrsta sæti í U21 latin í danskeppninni Champions of Tomorrow sem haldin var í Blackpool í Englandi um daginn. Aðrir íslenskir keppendur stóðu sig einnig frábærlega,“ segir Anna sem lifir og hrærist í heimi dansins.

Hún segir að dansáhugi á Íslandi hafi vaxið mikið á undanförnum árum. „Það er svo mikið framboð af frábærum dansskólum sem bjóða upp á mismunandi danskennslu og flestir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Dansþættirnir á Stöð 2, Allir geta dansað, höfðu sömuleiðis hvetjandi áhrif á marga. Það eru svo margir að byggja upp skemmtilega dansmenningu hér á landi sem skiptir ótrúlega miklu máli fyrir greinina. Þegar við Friðrik stofnuðum Dans og kúltúr fundum við greinilega fyrir þörfinni að koma með eitthvað nýtt. Það eru alltaf að koma nýir skemmtilegir dansar fram á sjónarsviðið og alltaf hægt að bæta við sig. Á síðunni okkar er hægt að kynna sér alla dansskóla og hvað er í boði hjá þeim. Við héldum til dæmis þrjú danspartí í fyrra þar sem við buðum dansfélögum að koma og vera með. Á einu kvöldi var hægt að kynna alls kyns dansstíla sem eru í boði. Þetta var mjög góð leið fyrir dansfélögin að kynna sig,“ útskýrir Anna.



Anna klæðist gjarnan fötum sem passa við þann dans sem hún dansar hverju sinni. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI



Í tangó klæðist maður eftir menningu og hefðum í Argentínu.



Dansskórnir eru mismunandi eftir því hvað á að dansa.

„Krakkar geta meðal annars fundið skemmtilega break-dansa á meðan eldra fólkið hefur gaman af salsa eða tangó. Það geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi, þetta er fjölbreyttur heimur. Það er mikil gróska í dansinum þessa dagana og margir iðkendur. Okkur finnst þetta ánægjuleg þróun og viljum fá enn fleiri til að dansa því það veitir svo mikla gleði. Dansinn er góður fyrir okkur andlega og líkamlega. Ég fæ oft að heyra sögur hjá þeim sem stunda zumba og jallabina hvað þetta geri fólki gott og sé algjör gleðisprengja. Dansinn gefur manni mikla orku,“ segir Anna.

„Fólk á öllum aldri nær ótrúlega vel saman í dansinum. Það verður svo gaman að fara með hóp til Marrakech í Marokkó til að dansa og skoða. Við Friðrik erum bæði með fjölbreyttan dansferil að baki. Hann hefur starfað víða um heim, meðal annars í Ástralíu, Svíþjóð, á Ítalíu og í Dúbaí. Við höfum áður farið í slíkar ferðir til Salou á Spáni sem hafa verið mjög vel heppnaðar.“

Anna segir að fatnaður í dansinum geti verið mjög misjafn. „Það sem er skemmtilegt við dansinn er að fatastíllinn sem hentar honum fer eftir menningu þess lands sem hann kemur frá. Í latíndönsum og dönsum frá suðrænum, heitum löndum er oft léttari fatnaður heldur en í vestrænum dönsum, til dæmis í valsi. Það er mjög gaman að velta fyrir sér hinum ýmsum búningum sem tilheyra dönsum eins og flamenco eða tangó. Kúltúr og dans eiga oft samleið,“ segir Anna. „Þeir sem keppa í dansi þurfa að vera í búningum en þeir sem dansa í frítímanum ráða sjálfir hvers konar fötum þeir klæðast. Skórnir skipta líka máli og er misjafn eftir dönsum. Þegar maður dansar zumba, jallabina, eða hip hop eru íþróttaskór bestir. Í magadansi dansar maður berfættur.“

Anna hefur auðvitað safnað að sér óteljandi dansbúningum í gegnum tíðina en segist vera búin að selja þá flesta. „Núna reyni ég að gera mína eigin búninga og stíl. Jallabina er miðausturlenskt dans-fitness þar sem arabískir þjóðdansar og tónlist mæta samhæfðum styrktaræfingum og það er gaman að leyfa sér að klæða sig í þeim anda, til dæmis á sýningum.

Tíska er einstaklingsbundin og það er gaman að fylgjast með í mismunandi löndum hvernig fatakúltúrinn hefur þróast í dansinum. Ég er ekki mikið að spá í tísku almennt en finnst mjög skemmtilegt að gera það í sambandi við dansinn. Í daglegu lífi hentar mér best að vera í þægilegum fatnaði en vil þó vera elegant. Það er ágætt að blanda saman stílum. Ég elska að vera í svörtu og rauðu en reyni að blanda fleiri litum inn í fataskápinn minn.“

Dans og kúltúr er danssamfélag sem er blanda af danskennslu, sýningum og ferðalögum. „Markmið okkar er að sameina mismunandi dansa í landinu. Við höfum meðal annars sýnt á árshátíðum og öðrum viðburðum. Líf mitt snýst um dansinn,“ segir Anna. „Dansgleðin bætir lífsgæðin og fer aldrei frá manni,“ bætir hún við en Anna byrjaði að læra dans aðeins fjögurra ára. „Fólk ætti að senda börnin sín í dansskóla því það bætir samskipti kynjanna og er afar lærdómsríkt. Félagslega er dansinn afar góður. Maður er heldur aldrei of gamall til að byrja að læra dans. Gott er að rækta sjálfan sig í dansinum og svo hafa mörg pör orðið til í dansinum,“ segir Anna og glottir.







Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


Nú 40%
af öllum úlpum
á útsölunni
Stærðir 36-52
ÚTSALAN ER HAFIN!
30-50% afsláttur
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is




PARKET, FLÍSAR, HURÐIR
RISA
ÚTSALA
40
TIL
70
% AFSLÁTTUR
AF LAGERVÖRU
Birgisson®
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

# Það gamla verður aftur smart

**Söngkonan Guðrún Árný Karlsdóttir er peysufíkill og vill ekki vera eins og allir aðrir. Hún hefur í nógu að snúast alla daga en fyrsta föstudag í hverjum mánuði er hún með píanó-partí á Kryddi í Hafnarborg, þar sem hún syngur og spilar og allir mega syngja með.**



Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is

*Spáir þú mikið í tísku?*
Nei, en ég spái mikið í hvað fer mér vel og hentar mér.

*Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?*
Sem rómantískum peysustíl. Ég elska peysur og á allt of mikið af þeim. Annars finnst mér skemmtilegast að eiga það sem ekki er auðvelt að fá. Það sem er handgert og jafnvel gamalt finnst mér mjög gaman að eiga. En ég á líka bara þessar almennu bómullarflíkur með sem allir ganga í.

*Hvar kaupir þú fötin þín?*
Alls staðar. Ég spái í efni, vil ekki peysur úr akríl því þær hnökra svo hratt. Ég versla í Hagkaup, Vero Moda, Kultur, bara eftir því hvaða flík kallar á mig.

*Eyðir þú miklu í föt?*
Nei, en ég reyni að endurnýja föt um leið og þau verða lúin, en ég á geggjaða hnökravél sem ég renni yfir góðu peysurnar og held þeim eins og nýjum.



Peysur eru í algeru uppáhaldi hjá Guðrúnu Árnýju og hún segist eiga allt of mikið af þeim. MYND/STEFÁN

*Hver er uppáhaldsflíkin þín?*
Það er blómapeysa úr Vero Moda. Ég er svakalega oft í henni. Hún er svo létt og þægileg. Svo eru það glimmerskórnir mínir og jú, úlpan mín. Uppáhaldskjóllinn minn er úr Kultur og mussan sem ég fékk í Míu núna um daginn, hún er hekluð. Held til dæmis stundum að ég sé eina manneskjan sem er í svona flíkum en mér er alveg sama því mér líður svakalega vel í honum.

*Uppáhaldshönnuður?*
Veistu, ég þekki ekki marga, en ég á blómakjól frá Andreu sem ég er svakalega ánægð með, og á kraga sem ekki eru lengur framleiddir eftir hana Áróru.

*Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?*
Peysur, peysur, peysur, og flíkur sem eru handgerðar.

*Notar þú fylgihluti?*
Já, helst þá sem mamma mín gerir, Auður Bergsteinsdóttir. Hún gerir að mínu mati bestu skartgripina. Kragarnir mínir eru uppáhalds, svo á ég geggjaða snúru eftir Unni Gunnarsdóttur frænku mína, í mínum fölbleika lit.



Hekluð mussa úr versluninni Míu sem Guðrún Árný keypti um daginn og heldur mikið uppá.

*Áttu þér tískufyrirmynd?*
Nei, þeir sem eru þeir sjálfir eru mín fyrirmynd. Fólk sem finnur það sem hentar því, ekki endilega það sem er inn. Ég vil að stelpur leyfi sér líka að vera aftur og aftur í sömu fötunum. Það er allt í lagi, einn kragi, annað hálsmen, annar skófatnaður breytir heilu dressi. Svo verður þetta gamla aftur og aftur smart. Ekki henda því sem er í lagi. Setja það frekar til hliðar í smá tíma og taka það fram seinna.

*Hvað stendur upp úr á síðasta ári?*
Það er erfitt að svara þessu. Svo margt sem ég gerði. En svona í tónlistargeiranum er það að hafa komið lagi inn á Spotify, sem er alls ekki auðvelt. Svo eru það klárlega tónleikarnir mínir í desember. Þeir eru það flottasta sem ég hef gert. Ég tók þá upp og á eftir að vinna það efni fyrir þetta ár.

*Hvað er fram undan?*
Nóg fram undan. Veislustjórn, brúðkaup, jarðarfarir, skírnir. Svo er ég fyrsta föstudag í mánuði á Kryddi í Hafnarborg, með svona píanó-partí þar sem allir syngja með. Alltaf milli 21 og 24. Það er svakalega skemmtilegt. Alltaf pakkað.


Stærðir 38-58
ÚTSALAN ER HAFIN
-30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460
Verslunin Belladonna

ÚTSALAN
er hafin
30-50%
afsláttur
Gerið góð kaup á fallegum fatnaði á frábæru verði.
Kíkið á myndir og verð á Facebook
black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**STÓRA BÍLASALAN**



**100% LÁN**
SKODA Octavia 1.6 Dísel 4x4. Árgerð 2015, ekinn 52 Þ.KM, Tilboð 2.490.000. Rnr.136771.




**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**




## Viðgerðir

**VAKA**
VIÐ ERUM GERÐIR FYRIR VIÐGERÐIR!
VERKSTÆÐI, ÞAR SEM HLUTIRNIR GERAST HRATT OG ÖRUGGLEGA!



Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

Spái í spil,tek fólk heim. Tímapantanir. S. 891 8727. Stella. Geymið auglýsinguna

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




## Þjónusta




Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 9 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

**Góð þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.**

**Silfri ehf | S. 894 9690 | silfriehf.is**




# Þú finnur draumastarfið á job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Verslun og þjónusta



Kennsla



Veitingastaðir



Ferðaþjónusta

**GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU**

job.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu 110 m2 4ja herb. íbúð á 1. hæð í Breiðholti.Leigist fjölskyldu. Leiguverð 220 þús án rafmagn. Upplýsingar í síma:775-1231.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU**
Til leigu 142 fm. iðnaðarhúsn. við Gjáhellu í Hafnarfirði undir snyrtilega starfsemi. Stór innkeyrsludyr, mikil lofthæð. Malbikað bílaplan.
**Uppl: Bergsveinn 863-5868**

**TIL LEIGU.**
Til leigu 165 fm. iðnaðarhúsn. endabil við Norðurhellu í Hafnarfirði. Tvær stórar innkeyrsludyr og hægt að keyra í gegnum húsið.
**Uppl. Ólafur 824-6703**

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**
Laust 55 fm verslunarhúsnæði í Portinu Nýbýlavegi 8.

Laust allt að 700 fm verslunarhúsnæði að Nýbýlavegi 6.

Laust 140-280 fm atvinnuhúsnæði að Auðbrekku 3.

**Nánar uppl.**
**gretar@lundurfasteignir.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**- TRAILER BÍLSTJÓRA ÓSKAST -**

Silfri ehf óskar eftir vönum trailer bílstjóra

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690


GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing







lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
FAST Ráðningar
www.fastradningar.is


# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.
Hægt að panta tíma á hofdabon.is
Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com
HÖFÐABÓN

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir
Verð 7.000,-
Munið gjafabréfin okkar.
Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?





HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ

Bílvogur ehf/f
Bifreiðaverkstæði
Auðbrekka 17
200 Kópavogi
Láttu okkur gera bílinn kláran í vetraraksturinn.
Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.
Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

## Atvinna

MOSFELLSBÆR Lágafellsskóli

# Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi.

Má bjóða þér að vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum.
Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda Uppbyggingarstefnunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útibúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum.

## Okkur vantar:

**Umsjónarkennara á unglingastig** í 100% starfshlutfall. Kennslugrein stærðfræði.
**Smíðakennara** – um er að ræða tímabundna afleysingu vegna veikinda
**Skólaliða.** Vinnutími 07:50 - 17:00 en lægra starfshlutfall kemur til greina.
**Frístundaleiðbeinendur.** Vinnutími frá 13:20 -17:00.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á www.mos.is og www.lagafellsskoli.is

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Upplýsingar veitir Ásta Steina Jónsdóttir, staðgengill skólastjóra, í síma 5259200/6920233 og Daníel Birgir Bjarnason, forstöðumaður Frístundasels , í síma 5259200/8989286.
Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið asta@lagafellsskoli.is eða danielbirgir@lagafellsskoli.is

**Umsóknarfrestur um stöðurnar er til og með 18. janúar 2019.**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



Náðu meiri árangri í samningaviðræðum

Námskeið í samningatækni

HAGVANGUR

hagvangur.is

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Minnkandi vestanátt og kólnandi veður, fyrst sunnan til. Víða 5-13 undir kvöld, hvassast um landið N-vert. Þurrt að kalla og frystir um mest all land, síst allra syðst.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° ↗4 | 2° ↖3 | 0° ↖3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° ↖10 | 3° ←6 | 1° ↑16 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° ↖2 | 1° ←7 | -1° ↘1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 0° ↓5 | 3° →3 | -3° ↗1 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | | 4 | | | 2 | | |
| | | | | 3 | 1 | | 8 | 4 |
| | | 5 | | 6 | | | 7 | |
| | | | | 1 | | 4 | | |
| | 7 | | 6 | 2 | | | | 5 |
| 4 | | 9 | | | 7 | 1 | 6 | |
| | | | | | | | | 1 |
| 5 | | 7 | | | | 9 | | |
| | 2 | 6 | | 5 | 3 | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 5 | | 2 | | | | 3 |
| | 4 | | | | | 2 | | |
| 3 | | | 4 | 6 | 1 | | 7 | |
| | | | | | 5 | | | 6 |
| | | | 9 | 1 | | 7 | | |
| 5 | | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | 5 | 2 | 1 | | 4 | 9 | | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | | | | | 7 | 3 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | 6 | | |
| | | | | 2 | | | | 4 |
| | | 4 | | 7 | | | | |
| 5 | 4 | | | | | 3 | | |
| | | 2 | 8 | 9 | | | 5 | |
| 7 | | | 2 | | | 8 | | |
| 8 | | | 4 | | 6 | 1 | 9 | |
| | 9 | | 3 | | | | 7 | 6 |
| 3 | | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 5 | 6 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 8 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |
| 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 2 | 1 | 8 |
| 1 | 5 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 3 | 8 | 7 | 5 | 1 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 8 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 5 | 2 | 6 | 1 | 7 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 2 | 3 | 1 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 8 |
| 4 | 6 | 9 | 8 | 5 | 2 | 3 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 3 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 4 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 4 | 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 7 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. þynnu
5. kvk nafn
6. sjúkdómur
8. urga
10. átt
11. sendibíll
12. tel
13. hálfgras
15. raðtala
17. hornskór

**LÓÐRÉTT**
1. líka
2. framkvæma
3. mánuður
4. orðrómur
7. rif
9. raspa
12. stórhýsi
14. nam burt
16. í röð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** **1.** himnu, **5.** una, **6.** ms, **8.** gnísta, **10.** na, **11.** van, **12.** held, **13.** stór, **15.** tölfti, **17.** klauf.
**LÓÐRÉTT:** **1.** hugnast, **2.** inna, **3.** maí, **4.** umtal, **7.** sandrif, **9.** sverfa, **12.** höll, **14.** tók, **16.** tu.

## Skák

Gunnar Björnsson

Hjörvar Steinn Grétarsson (2.560) átti leik gegn Vigni Vatnari Stefánssyni (2.248) í fyrstu umferð MótX-skákhátíðarinnar í fyrrakvöld.

Hvítur á leik



**35. Hd7!** (35. Hxg7+! Kxg7 36. Dd4+ Kf8 37. Hf5+ Ke8 38. Dg7! vinnur líka). **35. ... Dxd7** (35. ... De6 36. Rxf4). **36. Rf6+ Bxf6 37. Dxd7+** og hvítur vann nokkru síðar. Töluvert var um óvænt úrslit í fyrstu umferð mótsins.

**www.skak.is:** Skákhátíð MótX.




## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ALLT Í INNKAUPIN Á EINUM STAÐ

**Sirloinsneiðar í raspi**
Ferskar
**1.749** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.498 KR/KG
-30%





-30%

**Lamba Prime**
m/hvítlauk og rósmarín
**2.638** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.769 KR/KG



-25%

**Nauta piparsteik**
Fersk
**2.999** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.998 KR/KG



-30%

**Fylltur grísabógur**
**1.161** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.658 KR/KG




-30%

**Kjúklingalundir**
700 gr
**1.036** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.480 KR/PK

**Rúgbrauð**
Minni sykur
**173** KR/PK
**ÁÐUR:** 289 kr/PK



-40%

## VÍTAMÍNDAGAR Í NETTÓ




-25%

**Úrval vítamína og bætiefna á 25% afslætti**

-30%




**Nettó Vínarpylsur**
10 stk
**384** KR/PK
**ÁÐUR:** 549 KR/PK

-30%




**Súkkulaði croissant**
300 gr
**292** KR/PK
**ÁÐUR:** 417 KR/PK

**Sælkerablanda** 125 gr
**Klettasalat** 75 gr
**Spínat** 150 gr
**209** KR/PK
**ÁÐUR:** 299 KR/PK
-30%



nettó
Lægra verð – léttari innkaup



**VERSLAÐU Á NETINU**
**www.netto.is**

**Tilboðin gilda 10. - 13. janúar 2019**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Allt til reiðu fyrir sól og sumar

Nýr Porsche 911 blæjubíll mun skarta öllum þeim byltingarkenndu nýjungum sem kynntar voru með Coupe-útgáfu hans en mun bæta um betur þar sem meðal búnaðar er enn sneggri opnun og lokun blæjunnar en áður hefur þekkst.

Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Sex vikum eftir kynningu á nýjum Porsche 911 er nú komin blæjuútgáfa af goðsögninni 911. Með blæjuútgáfunni er höfð í heiðri áratuga gömul hefð, allt frá því Porsche kynnti fyrstu útgáfu af 911-blæjubílnum á alþjóðlegu bílasýningunni í Frankfurt árið 1981, við gífurlega hrifningu viðskiptavina. Frá því fyrsta blæjuútgáfa 911 rúllaði af færibandinu árið 1982 hefur hún átt sinn sess í framleiðslulínu Porsche 911. Blæjuútgáfa nýs 911, Porsche 992, mun einnig skarta öllum þeim byltingarkenndu nýjungum sem kynntar voru með Coupe-útgáfu hans en mun einnig bæta um betur þar sem meðal búnaðar er enn sneggri opnun og lokun blæjunnar en áður hefur þekkst. Blæjuútgáfa Porsche 992 sameinar í senn nútímalegt útlit Coupe-bílsins en er engu að síður auðþekkjanleg sem blæjuútgáfa 911. Möguleiki er að opna/loka toppnum á allt að 50 kílómetra hraða á klukkustund og er það ferli algerlega sjálfvirkt og tekur enn skemmri tíma en áður, eða um tólf sekúndur!

**3,6 sek. í hundraðið**

Í fyrstu mun blæjuútgáfan einungis verða fáanleg afturhjóladrifin eða sem Carrera S og fjórhjóladrifin sem Carrera 4S. Í báðum tilfellum sér 450 hestafla, þriggja lítra boxer-vélin um að skila bílnum áfram á enn kraftmeiri, hagkvæmari og umhverfisvænni hátt en áður. Aflinu er síðan skilað í hjólin í gegnum átta gíra tvíkúplingargírskiptingu Porsche, PDK. Allt þetta skilar Carrera S bílnum frá 0 til 100 kílómetra hraða á 3,7 sekúndum og Carrera 4S bílnum á 3,6 sekúndum! Til að auka enn akstursgetu og -ánægju bílsins hefur staðsetning vélar og vélarfestinga verið endurhönnuð ásamt því að í fyrsta skipti í 911-blæjubíl er hægt að panta stillanlega, rafeindastýrða fjöðrun Porsche, eða PASM. Hún hefur meðal annars í för með sér 10 millimetra lækkun á bílnum og stífari gorma.

**Skírskotun til eldri kynslóða 911**

Hinn nýi 911-blæjubíll virðist breiðari, sjálfsöruggari og heilt yfir kraftaog vígalegri en fyrirrennarinn. Breiðari bretti hvíla yfir 20 tommu stórum felgunum að framan og 21 tommu að aftan og eru nú allar útgáfur bílsins jafn breiðar, hvort sem um er að ræða aftur- eða fjórhjóladrifnar útgáfur hans.



Blæjuútgáfa nýs 911, Porsche 992, mun einnig skarta öllum þeim nýjungum sem kynntar voru með Coupe-útgáfu hans.



Tesla-bílgerðirnar þrjár voru þrjár söluhæstu rafmagnsbílgerðirnar.

## 360.000 rafmagnsbílar seldust í Bandaríkjunum í fyrra

Það verður líklega ekki sagt að Bandaríkjamenn séu mjög ginnkeyptir fyrir rafmagnsbílum, en samt seldust 360.273 slíkir bílar þar í fyrra. Það er þó ekki nema 2,1% af sölu nýrra bíla þar í fyrra, því heildarsalan var um 17,3 milljónir bíla. Í Bandaríkjunum er engu að síður einn framsæknasti rafbílaframleiðandi heims, það er Tesla, og sú sala sem þó varð á rafmagnsbílum var einmitt helst í Tesla-bílum. Af þessum 360.000 bílum voru 191.627 þeirra frá Tesla og 139.782 af þeim af gerðinni Tesla Model 3, en um 26.000 eintök af bæði Model S og Model X seldust í fyrra.

Þessi sala á Model 3 bílnum er athyglisverð í samanburðinum við heildarsölu rafmagnsbíla í Bandaríkjunum árið 2017, en þá seldust í heild 107.330 bílar, eða mun færri bílar en eingöngu Model 3 salan var í fyrra. Tesla-bílgerðirnar þrjár voru þrjár söluhæstu rafmagnsbílgerðirnar en í 4. sæti var einnig bandarískur bíll, Chevrolet Bolt, en af honum seldust 18.019 eintök. Í 5. sæti var Nissan Leaf með 14.715 bíla, í 6. sæti BMW i3 með 6.117 bíla og í 7. sæti Fiat 500E með 2.250 bíla. Sala Tesla-bíla á liðnu ári var meiri í Bandaríkjunum en nýrra bíla allra merkjanna Lincoln, Jaguar/ Land Rover, Mini, Mitsubishi og Porsche.

## Nissan Leaf með 364 km drægi

Enn eykst drægið á söluhæsta rafmagnsbíl heims, Nissan Leaf. Nissan ætlar að sýna langdrægustu og öflugustu gerð hans á CES-tæknisýningunni í Las Vegas sem brátt hefst. Bílinn kalla þeir Nissan Leaf e+ til aðgreiningar frá skammdrægari útgáfum hans. Rafhlöður bílsins eru ekki af smærra taginu, eða 62 kWh og það tryggir bílnum 364 km drægi og meira afl til hjóla bílsins.

Rafhlöðurnar eru engu að síður ekki mikið stærri né þyngri en í Nissan Leaf með 40 kWh rafhlöðum vegna nýrrar tækni sem tryggir meiri hleðslu í minna rými. Bíllinn kemur til sölu í heimalandinu Japan í þessum mánuði, í vor í Bandaríkjunum og um mitt ár í Evrópu. Þessi útgáfa Nissan Leaf mun vafalaust áfram tryggja það að hann haldi sæti sínu sem söluhæsti rafmagnsbíll heims.

# Askja opnar nýtt húsnæði fyrir Kia

Laugardaginn 12. janúar flytur Askja sölu og þjónustu fyrir Kia-bíla í nýtt sérhannað húsnæði að Krókhálsi 13. Sérstök opnunarhátíð verður haldin þann dag og verður opið á milli klukkan 10 og 16.

Síðustu ár hefur Kia verið á Krókhálsi 11 þar sem Bílaumboðið Askja er til húsa. Þar er einnig að finna söludeild fólksbíla Mercedes-Benz sem fá nú enn meira pláss og verkstæði fyrir Mercedes-Benz fólks- og atvinnubifreiðar.

Askja er því með þessum flutningi Kia að aðskilja vörumerkin sín tvö bæði í sölu og þjónustu. „Síðustu þrjú ár hefur Kia verið annað mest selda bílamerkið á Íslandi og hefur náð alveg ótrúlegum árangri bæði hér heima og erlendis. Þetta hefur verið lengi í deiglunni og orðið tímabært að gefa Kia meira svigrúm sem og Mercedes-Benz, en bæði merkin hafa náð góðum árangri hér á landi,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju.

Nýja Kia-húsið er um 4.000 fermetrar að stærð en þar má finna aðstöðu fyrir glæsilegan sýningarsal fyrir nýja bíla, forgreiningu, söluskoðanir, hraðþjónustu og fullkomið bílaverkstæði með 18 vinnustöðvum. Húsið er sérhannað með tilliti til bílaumboðs. Það stendur svo til að hafa 30 rafbílastæði í kringum húsið fyrir viðskiptavini og starfsfólk, enda er Kia leiðandi í sölu rafbíla og með í dag sjö mismunandi gerðir rafbíla, tengiltvinnbíla og tvinnbíla í boði í sinni vörulínu. Innan fimm ára mun Kia hafa 16 mismunandi gerðir rafbíla í vörulínu sinni.

**Umhverfisvernd í hávegum höfð**

Umhverfissjónarmið voru höfð í huga og má nefna að öll raforkunotkun hússins er vottuð af Græna ljósinu frá Orkusölunni sem er staðfest sem endurnýjanleg með upprunavottorðum.

Þá hafa Askja og Reykjavíkurborg gengið frá samkomulagi um tilraunaverkefni til tveggja ára um sérstaka settjörn sem staðsett verður í borgarlandinu neðan við húsið og er hugsuð til að tryggja að allt regnvatn sem fellur á bílastæði sé hreint áður en það fer aftur út í jarðveginn.

Þetta verkefni verður unnið í samvinnu Öskju og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.




Hið nýja Kia-hús Öskju er um 4.000 fermetrar að stærð en þar má finna aðstöðu fyrir glæsilegan sýningarsal fyrir nýja bíla, forgreiningu, söluskoðanir, hraðþjónustu og fullkomið bílaverkstæði með 18 vinnustöðvum.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT Í BÓNUS




**498** kr. 680 g

6 BEYGLUR í poka

**Amerískar Beyglur**
6 stk. í poka, 680 g, 4 teg.

500g




**979** kr. 500 g

**OS Samlokuostur**
Í sneiðum, 500 g

NÁTTÚRULEG PRÓTEINBOMBA
82% prótein

300kr verðlækkun




**1.398** kr. 200 g

**Vestfirskur Harðfiskur**
Þorskur, flök, 200 g
Verð áður: 1.698 kr

VEGAN




**198** kr. 150 g

**Yosa Grísk Hafrajógúrt**
150 g, 3 tegundir



**195** kr. kg

**Royal Gala Smáepli**
í lausu, Frakkland

HOLLT OG GOTT Í BÓNUS




**298** kr. 360 ml

**Innocent Smoothie**
360 ml, 5 tegundir

120 hylki




**2.998** kr. stk.

**Protis Kollagen**
120 hylki

ALLTAF NÝBAKAÐ

4stk.



**259** kr. 4 stk.

**Bónus Kringlur**
4 stk.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **13. janúar** eða meðan birgðir endast.

# Gott að hafa bjartsýnina með sér í liði

**Daníel Bjarnason, tónskáld og hljómsveitarstjóri, bættist nýlega í hóp þeirra listamanna sem hlotið hafa Íslensku bjartsýnisverðlaunin sem fyrirtækið Ísal veitir árlega.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Bjartsýnin er ágætis veganesti í mínu starfi þar sem maður er alltaf að skapa og leggja út í óvissuna í hvert einasta skipti,“ segir Daníel Bjarnason, tónskáld og hljómsveitarstjóri, þegar honum er óskað til hamingju með nýfengin bjartsýnisverðlaun. Hann segir gott að hafa bjartsýnina með sér í liði – og líka efann. „Efinn er mikilvægur,“ segir hann. Tekur þó undir að margt hafi komist á flug af því sem hann hafi gert, og kveðst lánsamur að því leyti, en segir sér takast misvel upp, eins og öðrum, og það líti hann á sem eðlilegan hlut.

Daníel býr úti á Seltjarnarnesi með fjölskyldu sinni. „Nesið er frábær staður, við erum nýkomin hingað, þannig séð, fluttum síðasta vor, erum reyndar búin að flytja dálítið oft síðustu árin en nú erum við komin á okkar stað, held ég. Hér er mjög gott að vera, meðal annars með börn, þægilegt og við erum alsæl,“ segir Daníel sem býr með Elísabetu Ölmu Svendsen stílista sem meðal annars hefur séð um leikmyndir og búninga í sjónvarpi og leikhúsi og rak einnig Hverfisgalleríið um tíma. Þau eiga tvo stráka, þriggja ára og átta ára. Daníel er mikið á ferðinni milli landa, vegna starfa sinna, og kveðst reyna að taka fjölskylduna með þegar möguleiki sé, að minnsta kosti Elísabetu. „Þá nýtum við stundum tímann og tökum smá frí fyrir eða eftir verkefnið. Við erum mjög heppin með stórfjölskylduna, hún tekur að sér strákana ef með þarf. Bæði foreldrar mínir og tengdamóðir hafa reynst okkur afskaplega vel.“

Faðir Daníels, Bjarni Daníelsson, var óperustjóri í átta ár, frá 1999 til 2007. Á þeim tíma var óperan í Gamla bíói. Daníel kveðst hafa verið mikið viðloðandi húsið og um tíma aðstoðarmaður Kurts Kopecky tónlistarstjóra. „Ég byrjaði þar að spila á píanó með söngvurum og stjórna Óperustúdíóinu, það var frábær skóli,“ rifjar hann upp.

*Skyldi aldrei hafa komið annað til greina hjá honum en að leggja tónlist fyrir sig?*

„Jú, ég var alls ekkert á þeirri leið, byrjaði reyndar ungur að læra á píanó en hætti því svo og var rosalega mikið í íþróttum, bæði í handbolta og fótbolta, það var eiginlega mitt aðalviðfangsefni á tímabili. Var í unglingalandsliðinu í fótbolta, svo flutti ég til Danmerkur með fjölskyldunni þegar ég var í menntaskóla og þar var ég líka í fótbolta en svo tók tónlistarbakterían yfir og ég hafði strax mestan áhuga á klassíkinni.“ Hafnar því þó að hafa farið fram hjá poppinu. „Ég ólst upp með alls konar tónlist, þar á meðal popp- og rokktónlist en klassíkin fannst mér svo rosalega spennandi heimur að ég dróst meira að honum. Það þýddi ekki að ég væri að yfirgefa eitthvað annað en ég var aldrei mikið í hljómsveitum. Var bara strax spenntur fyrir að fara þessa leið og fór ungur að kafa í klassíkina í gegnum píanóið.

**RÍKHARÐUR III ER FYRSTA LEIKSÝNINGIN SEM ÉG HEF GERT TÓNLIST FYRIR EN ÉG HEF SAMIÐ FYRIR DANS OG ÓPERU, SVO ÞAÐ VAR EKKERT FRAMANDI VERKEFNI, ÞANNIG SÉÐ. ENGU AÐ SÍÐUR ER MJÖG GAMAN AÐ FÁ AÐ VERA PARTUR AF SVONA GÓÐRI SÝNINGU.**

Hann titlar sig tónverkamann í símaskránni. Það er ekkert yfirlæti í þeim titli. „Mér fannst þetta skemmtilega tvírætt orð,“ segir Daníel sem er þekktastur fyrir tónsmíðar og hljómsveitarstjórn þó að hann hafi líka spilað á píanó eins og fram er komið. „Það væri hálfgerð móðgun við píanóleikara að kalla mig það í dag,“ segir hann. „Ég spila lítið fyrir aðra en fjölskylduna en ég sem á píanóið að hluta til.“

Þeir sem sjá hinn rómaða Ríkharð III í Borgarleikhúsinu njóta tónlistar Daníels. Hann viðurkennir að fá pantanir úr öllum áttum frá hljómsveitum og hópum. „Ég er með nýtt verk fyrir 100 ára afmæli Los Angeles fílharmóníunnar sem á að frumflytja í haust og svo er á döfinni að gera nýjan píanókonsert fyrir Víking og ýmislegt fleira,“ segir hann. „Kannski bý ég til eitthvað tengt bíói og hugsanlega ratar eitthvað inn í leikhús á næstu árum. Ríkharður III er fyrsta leiksýningin sem ég hef gert tónlist fyrir en ég hef samið fyrir dans og óperu, svo það var ekkert framandi verkefni, þannig séð. Engu að síður er mjög gaman að fá að vera partur af svona góðri sýningu.“

Fram undan nú eru ýmsir tónleikar sem Daníel stjórnar, bæði hér heima og úti, meðal annars Íslandsfrumflutningur á hans eigin fiðlukonserti í febrúar, með finnska fiðlusnillingnum Pekka Kuusisto og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á sömu tónleikum stjórnar hann líka Vorblóti Stravinskís.

**ÉG VAR ROSALEGA MIKIÐ Í ÍÞRÓTTUM, BÆÐI Í HANDBOLTA OG FÓTBOLTA, ÞAÐ VAR EIGINLEGA MITT AÐALVIÐFANGSEFNI Á TÍMABILI.**

